



Ársskýrsla  
Blindrafélagsins  
FYRIR STARFSÁRIÐ 2009 – 2010



<b>Skýrsla stjórnar</b> . . . . .	5
<i>Stjórn félagsins</i> . . . . .	5
<i>70 ára afmæli Blindrafélagsins</i> . . . . .	6
<i>Aðgengisfulltrúi</i> . . . . .	6
<i>Akstursþjónusta</i> . . . . .	6
<i>Bakhjarlar Blindrafélagsins</i> . . . . .	6
<i>Blindravinnustofan</i> . . . . .	7
<i>Dagur hvíta stafsins</i> . . . . .	7
<i>Erlend samskipti</i> . . . . .	7
<i>Félagsfundir</i> . . . . .	8
<i>Félagsskrá</i> . . . . .	8
<i>Fræðslu- og hvatningarfundir starfsfólks og stjórnar</i> . . . . .	8
<i>Hjálpartækjaleiga Blindrafélagsins</i> . . . . .	9
<i>Netverslun með sérvörur</i> . . . . .	9
<i>Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks</i> . . . . .	9
<i>Samtök og stofnanir</i> . . . . .	9
<i>Stefnumótun</i> . . . . .	9
<i>Sjóðir og styrkir</i> . . . . .	9
<i>Talþjónaverkefni</i> . . . . .	10
<i>Útgáfumál</i> . . . . .	10
<i>Viðhorfskönnun meðal almennings</i> . . . . .	10
<i>Viðurkenningar Blindrafélagsins</i> . . . . .	10
<b>Fjáraflanir</b> . . . . .	11
<i>Happdrætti</i> . . . . .	12
<i>Viðsjá</i> . . . . .	12
<i>Styrktarfélagar og góðvinir gerast bakhjarlar Blindrafélagsins</i> . . . . .	13
<i>Fyrirtækjasöfnun</i> . . . . .	13
<i>Jóla kort</i> . . . . .	13
<i>Þríkrossinn</i> . . . . .	14
<i>Hljóðbækur</i> . . . . .	14
<i>Hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta</i> . . . . .	15
<b>Gjafir og styrkir til Blindrafélagsins</b> . . . . .	15
<i>Framlag Alþingis á fjárlögum ársins 2010</i> . . . . .	15
<i>Styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra</i> . . . . .	16
<i>Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands</i> . . . . .	16
<i>Gjöf Blindravinafélags Íslands</i> . . . . .	16
<i>Styrkir og gjafir frá ónefndum aðilum</i> . . . . .	17
<b>Veittir styrkir</b> . . . . .	17
<b>Starfsmannamál</b> . . . . .	18
<b>Viðhald og rekstur fasteigna</b> . . . . .	20

Mötuneyti . . . . .	22
<b>Ferðapjónusta blindra 2009</b> . . . . .	22
<b>Valdar greinar</b> . . . . .	23
<b>Félagssvið</b> . . . . .	24
<i>Helstu verkefni:</i> . . . . .	24
<i>Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins</i> . . . . .	25
<i>Samstarfsaðilar</i> . . . . .	25
<b>Leiðsöguhundar</b> . . . . .	25
<i>Niðurstaða</i> . . . . .	26
<b>Trúnaðarmenn Blindrafélagsins</b> . . . . .	26
<b>Frá kynningarfulltrúa</b> . . . . .	28
<b>Námssjóður Blindrafélagsins</b> . . . . .	28
<b>Sjóðurinn Blind börn á Íslandi</b> . . . . .	29
<b>Opið hús</b> . . . . .	30
<b>Opið hús á laugardögum</b> . . . . .	31
<b>Dagur hvíta stafsins</b> . . . . .	31
<b>Yfirlit yfir störf aðgengisfulltrúa.</b> . . . .	32
<i>CSUN – ferðalýsing.</i> . . . . .	37
<b>Frá æskulýðsfulltrúa og Ungblind</b> . . . . .	40
<b>Foreldradeild Blindrafélagsins</b> . . . . .	42
<b>Kvennadeild Blindrafélagsins</b> . . . . .	42
<b>Starfsemi Norðurlandsdeildar, maí 2009 – maí 2010</b> . . . . .	44
<b>Starfssemi suðurlandsdeildar</b> . . . . .	45
<b>Starfssemi RP deildar</b> . . . . .	45
<b>Ferðanefnd</b> . . . . .	46
<b>Skemmtinefnd</b> . . . . .	46
<b>Tómstundanefnd</b> . . . . .	48
<b>Bókmenntaklúbburinn veturinn 2009 til 2010.</b> . . . .	48
<b>Blindravinnustofan</b> . . . . .	49
<i>Meginstarfsemi félagsins.</i> . . . . .	49
<i>Starfsemin á árinu</i> . . . . .	49
<i>Stjórn</i> . . . . .	50
<b>Daufblindrafélag Íslands, ársskýrsla 2009 - 2010</b> . . . . .	50
<i>Aðalfundur og stjórn</i> . . . . .	51
<i>Stjórnarfundir</i> . . . . .	51
<i>Starfsmannamál</i> . . . . .	52
<i>Félagsstarf</i> . . . . .	52
<i>Samstarf við aðrar stofnanir</i> . . . . .	52
<i>Erlend samskipti</i> . . . . .	52
<i>Norræn rannsókn á högum daufblinds fólks á Norðurlöndunum</i> . . . . .	53

<i>Kynningarstarf</i> . . . . .	53
<i>Fjáröflun og rekstur</i> . . . . .	54
<b>Frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.</b> . . . . .	54



Ný stjórn Blindrafélagsins að loknum aðalfundi 2009. Talið frá vinstri: Haukur, Óli Þór, Kristinn, Sigþór, Ágústa, Arna, Kolla og Halldór Sævar (Lilja vantar á myndina).

## Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2009 - 2010 gerir grein fyrir helstu þáttum í starfi og stefnumótun stjórnar félagsins frá seinasta aðalfundi, sem haldinn var þann 23. maí 2009. Það er von mín að skýrslan gefi glögg yfirlit yfir þau málefni sem stjórnin hefur unnið að á síðasta starfsári. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

### Stjórn félagsins

Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2009 – 2010 hélt samtals 18 stjórnarfundi. Stjórnarskipan var eftirfarandi:

Kristinn Halldór Einarsson	formaður
Ágústa Gunnarsdóttir	varaformaður
Sigþór Hallfreðsson	ritari
Halldór Sævar Guðbergsson	gjaldkeri
Arnheiður Björnsdóttir	meðstjórnandi
Haukur Sigtryggsson	varamaður
Kolbrún Sigurjónsdóttir	varamaður
Lilja Sveinsdóttir	varamaður
Ólafur Þór Jónsson	varamaður

Fundir voru að jafnaði haldnir á tveggja vikna fresti.

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þeir sem eru að ljúka

tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru: Kristinn Halldór Einarsson formaður, Halldór Sævar Guðbergsson, Sigbór Hallfreðsson, Kolbrún Sigurjónsdóttir og Lilja Sveinsdóttir.

## 70 ára afmæli Blindrafélagsins

Þann 19. ágúst 2009 voru liðin 70 ár frá stofnun Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. Af því tilefni efndi Blindrafélagið til afmælissamkomu á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu. Um þrjú hundruð manns mættu til afmælisfagnaðarins. Sett var upp kynning á Blindrafélaginu, Blindravinnustofunni og Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðinni fyrir blinda, sjónskertra og daufblinda einstaklinga. Sjálf afmælisdagskráin samanstóð af ávörpum og tónlistarflutningi. Ávörp voru m.a. flutt af Kristni Halldóri Einarssyni formanni Blindrafélagsins, Árna Páli Árnasyni félagsmálaráðherra og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra. Allur tónlistarflutningur var í höndum félagsmanna. Blindravinafélag Íslands færði Blindrafélaginu í afmælisgjöf 15 milljónir króna sem nýttar skyldu til hagsbóta fyrri blinda og sjónskerta.

## Aðgengisfulltrúi

Birkir Rúnar Gunnarsson var ráðinn sem sérstakur aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins. Hlutverk Birkis er fyrst og fremst að sinna aðgengismálum á netinu og stuðla að auknu aðgengi blindra og sjónskertra að upplýsingum á vefnum hvort sem er í gegnum heimasíður eða með örðum hætti. Birkir er í dag í 40% starfi og eru verk hans þegar farin að skila árangri.

## Akstursþjónusta

Vegna efnahagskreppunnar hefur kostnaðarpátttaka notenda akstursþjónustunnar hækkað stórlega á undanaförnum misserum. Stjórn félagsins hefur ekki talið að forsendur væru fyrir því að sækja hækkun á þaki vegna akstursþjónustunnar sem myndi lækka kostnaðarpátttöku notenda.

Það tókst að ná samningum við Hafnarfjarðarbæ um áframhaldandi akstursþjónustu fyrir lögblinda Hafnfirðinga. Ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar til að ná samningum við Kópavogsbæ um akstursþjónustu fyrir lögblinda Kópavogsbúa án árangurs.

## Bakhjarlar Blindrafélagsins

Bakhjarlakerfi Blindrafélagsins er ætlað að leysa af hólmi áragamalt styrktarfélagakerfi Blindrafélagsins. Bakhjarlakerfið byggir á CRM hugmyndafræði og er lagskipt. Þeir sem vilja vera bakhjarlar félagsins valið um að greiða einfalt, tvöfalt, fjórfalt eða tólffalt (einu sinni í mánuði) félagsgjald

til Blindrafélagsins. Bakhjarlakerfið er ekki síður hugsað fyrir almenna félagsmenn sem vilja greiða meira en sem nemur einu félagsgjaldi. Mikil áhersla verður lögð á að halda bakhjörllum félagsins vel upplýstum um starfsemi félagsins og til að auðvelda þá vinnu, verður tekinn í notkun sérstakur CRM hugbúnaður til að halda utan um öll þau samskipti. Kerfið mun einnig nýtast til að halda utan um upplýsingar í félagaskránni og eins fyrir trúnaðarmenn félagsins.

## **Blindravinnustofan**

Á árinu 2010 fór mikil orka í að kanna mögulega sameiningu Blindravinnustofunnar, Múlalundar og Vinnustaða ÖBÍ. Þrátt fyrir ríkan vilja allra hlutaðeigandi fyrir sameiningu, varð það ekki að veruleika vegna ólíkra hagsmuna. Rekstur vinnustofunnar var í járnum á síðasta ári. Í upphafi árs 2010 var Björn Hermannsson ráðinn framkvæmdastjóri og í apríl tók ný stjórn við stjórnartaumum hjá Blindravinnustofunni.

## **Dagur hvíta stafsins**

Dagur hvíta stafsins, sem er 15 október, var að venju viðburðarríkur. Þjónustu og þekkingarmiðstöðin stóð fyrir kenngslu og kynningu á hvíta stafnum á Háskólatorginu, Kristinn Halldór Einarsson, formaður félagsins, flutti erindi í Opnu Húsi hjá félaginu þar sem hann kynnti ferðaskrifstofu í Englandi sem rekin er af ungum blindum manni, en ferðaskrifstofan sérhæfir sig í ferðum með bæði blind, sjónskerta og fullsjáandi ferðamenn. Félagsmenn Blindrafélagsins fengu síðan að sitja á mótörhjólum hjá Sniglunum og Ökukennarafélagi Íslands og vakti það mikla lukku. Umfjöllun var nokkur í fjölmiðlum í tilefni dagsins.

## **Erlend samskipti**

Á árinu sótti Blindrafélagið NSK (Nordisk samarbejde Kommitte) og NKK (Nordisk Kvinne Kommitte) ráðstefnu sem haldin var í Almasa í Svíþjóð og einn NSK fund sem haldinn var í Finnlandi.

Félagið átti fulltrúa á ráðstefnu sem haldin var í París til að minnast 200 ára fæðingarafmælis Louis Braille.

Blindrafélagið á fulltrúa í eftirtöldum stýrihópum innan European Blind Union:

Low vision steering group, fulltrúi: Kristinn Halldór Einarsson

Childrens steering group, fulltrúi: Inga Dóra Guðmundsdóttir



*Formaður Blindrafélagsins í ræðustól í finnska sendiráðinu í Stokkhólmi. Hluti af dagskrá NSK ráðstefnu í ágúst 2009*

## Félagsfundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir félagsfundir. Fyrri fundurinn var haldinn 12. nóvember og var á honum fjallaði ítarlega um nýja stefnumótun stjórnar Blindrafélagsins, sem unnið hafði verið að frá áramótum.

Seinni félagsfundurinn var haldinn 25. mars og á honum var fjallað um smíði á nýjum íslenskum talþjóni og nýtt lagskipt bakhjarlakerfi Blindrafélagsins sem leysir af hólmi styrktarmannakerfi félagsins.

## Félagsskrá

Áfram verður unnið að því að betrubæta félagaskrá félagsins og safna upplýsingum um á hvað formi félagsmenn kjósa að fá senda upplýsingar frá félaginu. Með tilkomu CRM kerfisins verður mun einfaldara að halda utan um þessar upplýsingar.

## Fræðslu- og hvatningarfundur starfsfólks og stjórnar

Á árinu var haldinn einn fræðslu og hvatningarfundur fyrir stjórn og starfsfólk Blindrafélagsins. Guðmundur Viggósson augnlæknir Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar kom á fundinn og gerði grein fyrir helstu ástæðum sjónmissis og mismunandi birtingarmyndum.

## Hjálpartækjaleiga Blindrafélagsins

Blindrafélagið stofnaði hjálpartækjaleigu í upphafi árs 2010. Tilgangurinn er að bjóða skólum landsins upp á þann valkost að leigja hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta nemendur í stað þess að ráðast í kostnaðarsamar fjárfestingar við kaup á slíkum tækjum. Hjálpartækjaleigunni er þar með ætlað að auðvelda skólum landsins að uppfylla lagalegar skyldur sínar gagnvart blindum og sjónskertum nemendum og tryggja jafnt aðgengi þeirra að menntun.

## Netverslun með sérvörur

Á heimasíðu Blindrafélagsins er nú komin netverslun með hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta. Einnig er hægt að skoða vörur og versla í sérvöruverslun Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17.

## Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Samningur Sameinuðu þjóðanna hefur verið töluvert til umfjöllunar á vettvangi Blindrafélagsins. Samningnum var dreift með 70 ára afmælisriti Blindrafélagsins, Víðsjá. Jafnframt átti félagið frumkvæði að því að Endurmenntun Háskóla Íslands stóð fyrir námskeiði um samninginn sem var vel sótt af starfsmönnum og stjórnarmönnum Blindrafélagsins. Að undanförunu hefur skýrsla nefndar á vegum félagsmálaráðuneytisins um innleiðingu samningsins verið til umfjöllunar hjá stjórn Blindrafélagsins.

## Samtök og stofnanir

Blindrafélagið á aðild að eða aðkomu að eftirfarandi samtökum eða stofnunum: Almannaheillum – samtökum þriðja geirans, Blindrabókasafninu, Menntunarsjóði til Blindrakennslu, Sjónverndarsjóði, Tölvumiðstöð fatlaðra, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og Öryrkjabandalagi Íslands.

## Stefnumótun

Umtalsverður tími og orka fór í nýja stefnumótun á vettvangi stjórnar. Meðal afurða stefnumótunarvinnunnar má nefna nýtt kjörorð félagsins: „Stuðningur til Sjálfstæðis“ og ítarlega verkefnaskrá sem nú er unnið eftir hjá stjórn og skrifstofu. Stefnumótunarskýrsluna í heild sinni má sjá á heimasíðu Blindrafélagsins: <http://www.blind.is/Felagid/stefnumotun-2009/>

## Sjóðir og styrkir

Á vettvangi Blindrafélagsins var aðgangur að eftirfarandi sjóðum eða styrkjum á starfsárinu:

Blind börn á Íslandi, Hjálpartækjastyrkir Blindrafélagsins, Hvatningarstyrkir Blindrafélagsins, Menntunarsjóður til Blindrakennslu, Námsgjóður Blindrafélagsins, Styrkir til fagfólks til námskeiða og ráðstefnuþátttöku og Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur.

## Talþjónaverkefni

Formaður félagsins, Kristinn Halldór Einarsson, vann verkefnaáætlun um smíði á nýjum íslenskum talþjóni í námi sínu við EHÍ. Stjórn félagsins samþykkti að láta á það reyna hvort mögulegt væri að hrinda áætluninni í framkvæmd og stendur sú vinna nú yfir. Hér er á ferðinni mjög stórt og mikið hagsmunamál fyrir félagsmenn Blindrafélagsins sem getur haft mikil áhrif á lífsgæði fjölda fólks.

## Útgáfumál

Í tilefni af 70 ára afmæli Blindrafélagsins var gefið út afmælisritið Víðsjá. Ritið var mjög frábrugðið Blindrasýn, þar sem það var í A4 broti og innihélt mikið af myndum. Dreifing var einnig frábrugðin því hvernig Blindrasýn var dreift. Víðsjá fékk það góð viðbrögð að ákveðið var að halda útgáfunni áfram og hefur nú annað tölublað Víðsjár komið út.

Útgáfa Valdra greina var með hefðbundnu sniði og komu þær út á tveggja vikna fresti.

## Viðhorfskönnun meðal almennings

Sem hluta af stefnumótunarvinnu Blindrafélagsins og í tilefni af 70 ára afmæli þess ákvað stjórn félagsins að semja við Capacent Gallup um að ráðast í viðamikla viðhorfskönnun á afstöðu almennings til blindu, sjónskerðingar og fleiri tengdum atriðum. Könnunin var bæði ítarleg og fróðleg og hafa niðurstöður hennar verið nýttar í útgáfustarfsemi félagsins, m.a. til að fjalla um málefni sem misskilningur eða vanþekking er á hjá almenningi samkvæmt könnunni.

## Viðurkenningar Blindrafélagsins

Stjórn Blindrafélagsins samþykkti að veita eftirtöldum einstaklingum Gullampa félagsins á 70 ára afmælishátíð félagsins:

Arnþóri Helgasyni, Dóru Hannesdóttur, Elínborgu Lárusdóttur, Gísla Helgasyni og Svavari Þorvaldssyni. Arnþór og Gísli veittu Gullampanum ekki viðtöku.

*Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri tók við Samfélagslampanum úr hendi formanns félagsins.*



Jafnframt samþykkti stjórn félagsins að stofna til viðurkenningar sem fékk nafnið Samfélagslampi Blindrafélagsins. Tilgangurinn er að vekja athygli á fyrirtækjum eða stofnunum sem með einum eða öðrum hætti hafa stuðlað að auknu sjálfstæði blindra og sjónskertra einstaklinga. Fyrstir til að fá Samfélagslampann, sem afhentur var á 70 ára afmælishátíð félagsins þann 19. ágúst voru; Bónus fyrir áralangt samstarf við Blindravinnustofuna og Reykjavíkurborg fyrir ferðapjónustu blindra.

## Fjáraflanir

Hvað varðar fjáraflanir félagsins á hinum frjálsa markaði er nauðsynlegt að endurskoða þær reglulega. Ástæður eru einkum þær að samkeppni hefur aukist mjög á markaðnum og áherslur eru síbreytilegar. Sífellt fleiri félagsamtök leita eftir styrkjum til fyrirtækja og einstaklinga. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni þekktara líknarfélaga. Einnig eru framlög fyrirtækja mjög háð sveiflum í atvinnulífinu. Félagið naut góðs af uppganginum sem var í efnahagslífinu.

Á síðasta starfsári var ákveðið að taka upp lagskipt styrktarmannakerfi þar sem stuðningsmönnum verði gefin kostur á því að greiða mishátt styrktargjald til félagsins, allt eftir getu og vilja hvers og eins. Einnig var ákveðið á frá og með næsta ári skulu styrktarfélagar Blindrafélagsins vera kallaðir „Bakhjarlar Blindrafélagsins“. Bakhjörllum verður gefinn kostur á því að greiða frá einföldu gjaldi á ári (nú kr. 2.500) upp í 12 falt gjald, þ.e. eitt

árgjald mánaðarlega. Ennfremur verði bakhjörllum boðið upp á stighækkandi hlunnindi sem viðurkenningu fyrir velvild þeirra. Allir bakhjarlar fá sjóntryggingu og þeir sem meira greiða fá tryggingu fyrir aðra fjölskyldumeðlimi. Einnig verður bakhjörllum í efri þrepum boðinn afsláttur af vörum Blindrafélagsins og Blindravinustofunnar. Bakhjarlar í efsta þrepi fá auknar viðurkenningar og má þar nefna Þríkross eftir 5 ára stuðning við félagið.

## Happdrætti

Happdrættið er ein helsta tekjulind félagsins. Í vorhappdrættinu 2009 var sú þýðingarmikla breyting gerð á sjálfum happdrættismiðunum að þeir voru gefnir út í formi greiðsluseðils og sendir sem slíkir til allra landsmanna á aldrinum 30 – 85 ára. Þeir sem voru á aldrinum 30 – 64 ára fengu miðana einungis senda rafrænt, þ.e. þeir birtust í netbönkum viðkomandi sem valkrafa. Eldri aldurshópurinn, þ.e. fólk frá 65 – 85 ára fékk miðana bæði senda rafræna og einnig hefðbundið á pappír.

Miðaverðið var einnig hækkað upp í kr. 1.939 en sú tala var ákveðin til að minnast 70 ára afmælis félagsins á árinu, en Blindrafélagið var stofnað árið 1939.

Skemmst er frá því að segja að vorhappdrættið tókst afar vel og jókst salan á happdrættismiðum í krónum talið um 80% frá vorhappdrættinu 2008.

Þessi sama aðferð var notuð við dreifingu á hausthappdrættismiðum Blindrafélagsins 2009 nema aldursmörkin voru hækkuð í 88 ár og pappírsmiðar voru sendir til allra á aldrinum 60 – 88 ára. Þessar viðbótarbreytingar reyndust vel því söluaukningin frá hausthappdrætti 2008 varð nú 113% í krónum talið.

Óhætt er því að fullyrða að þessar miklu og jákvæðu breytingar í sölu á happdrættismiðum félagsins hafi gert því kleift að viðhalda sömu og jafnvel meiri þjónustu en fyrir bankahrún þar sem hið opinbera hefur dregið tilfinnanlega úr fjárveitingum sínum til félagsins.

## Víðsjá

Ákveðið var að gefa ekki út fréttablaðið Blindrasýn á fyrri hluta 2009. Í stað þess var ákveðið að gefa út sérstakt afmælisblað í tengslum við 70 ára afmæli félagsins sem haldið var upp á þann 19. ágúst 2009. Skömmu eftir afmælið kom út blaðið Víðsjá sem gefið var út í tímaritaformi þar sem áhersla var lögð á vandað útlit, stuttar og fjölbreyttar greinar með áherslu á daglegt líf auk ríkulegs myndefnis. Í stað þess að senda blaðið út sem

fylgirit með dagblaði, var ákveðið að senda það til valdra einstaklinga í um 13.000 eintökum.

Viðtakendum blaðsins var einnig gefinn kostur á því að styðja við útgáfuna með því að greiða 1.000 kr. valkröfu sem fylgdi blaðinu. Þessi ráðstöfun fékk mjög góðar viðtökur og greiddu um helmingur þeirra sem fékk blaðið, greiðsluseðilinn.

Fyrirtækjum og stofnunum var boðið að senda félaginu stuðningskveðjur og auglýsa í blaðinu á sama hátt og í Blindrásýn.

Í framhaldi af þessum góða árangri af útgáfu Víðsjár, var ákveðið að leggja niður Blindrásýn í sinni gömlu mynd en taka upp reglulega útgáfu á Víðsjá í staðinn.

## **Styrktarfélagar og góðvinir gerast bakhjarlar Blindrafélagsins**

Í ársbyrjun 2010 var um 3.500 styrktarfélögum og um 600 góðvinum sendir greiðsluseðlar með árgjöldum fyrir nýbyrjað ár þar sem þeim var boðið að greiða árgjöld sín sem nýir bakhjarlar Blindrafélagsins. Árgjaldið var kr. 2.500 fyrir flesta þeirra.

Á árinu 2009 innheimtust um 10,8 m.kr. í félagsgjöld styrktarfélaga og góðvina Blindrafélagsins. Þess má gera að allir styrktarfélagar og góðvinir Blindrafélagsins sem greiddu árgjaldið voru tryggðir af félaginu gegn sjónmissi vegna slysa.

## **Fyrirtækjasöfnun**

Leitað var til um 600 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu 3 árum. Send voru út bréf í september 2008 þar sem þau voru beðin um að styrkja félagið vegna leiðsöguhundaverkefnis auk þess sem grein var gerð fyrir miklum viðhaldskostnaði á Hamrahlíð 17 og þeirri staðreynd að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur ekki hlaupið undir bagga með félaginu eftir hrun bankanna og litlar líkur eru á peningum úr þeirri átt á næstunni. Viðtökur voru góðar og voru heimtur vel viðunandi.

## **Jólakort**

Jólakortasala stóð því sem næst í stað milli áranna 2008 og 2009 sem má teljast vel viðunandi miðað við stöðuna í þjóðfélaginu og aukna samkeppni á þessum markaði. Hefðbundin jólakort hafa verið að missa markað á síðustu árum á sama tíma og jólakveðjum á netinu hefur fjölgað verulega.

Á einstaklingsmarkaði voru boðin jólakort og merkisþjöld með myndinni "Hátíðarljós" eftir listakonuna Marlyn Herdís Melk og þykir kortið vera mjög vel heppnað en þetta er fyrsta skipti sem mynd eftir hana prýðir jólakort félagsins.

Á fyrirtækjamarkaði voru boðin jólakort með ljósmynd af Skógafossi eftir Sigurgeir Sigurjónsson ljósmyndara.

Jólakortapakkar voru sendir út til styrktarféлага, góðvina og félagsmanna alls um 5100 pakkar. Um 65% þeirra sem fengu pakkana greiddu þá sem teljast má frábær árangur.

## Þríkrossinn

Sala Þríkrossins dróst saman í krónum talið um 22% frá árinu á undan.

Framlegð af sölunni dróst mun minna saman, eða um 8% sem þýðir að meðalálagning hefur hækkað frá árinu á undan. Verðhækkun var umtalsverð á árinu sem orsakast einkum af lægra gengi krónunnar og hækkandi gullverði í heiminum.

Þríkrossinn er framleiddur sem hálsmen í fjórum stærðum, barmmerki, eyrnalokkar, bindisnæla, næla fyrir íslenska þjóðbúninginn og skeið og gaffall fyrir börn.

Þríkrossinn hefur verið seldur frá árinu 1989 og er einn vinsælasti og táknrænasti skartgripurinn á íslenskum markaði. Erlendir ferðamenn eru vaxandi kaupendahópur sem markvisst hefur verið reynt að ná til.

Í janúar 2010 keypti Blindrafélagið höfundarréttinn og vörumerki Þríkrossins af erfingjum Ásgeirs heitins Gunnarssonar en Blindrafélagið hefur átt mjög góða samvinnu við þau um sölu og markaðsetningu Þríkrossins frá upphafi. Blindrafélagið þakkar Guðlaugu Konráðsdóttur, ekkju Ásgeirs heitins, af heilum hug fyrir frábært samstarf í yfir 20 ár og er þess fullvisst að samstarfið mun á einhvern hátt halda áfram, enda hefur Guðlaug verið ópreytandi að kynna Þríkrossinn og hefja hann til vegs og virðingar.

## Hljóðbækur

Á árinu 2008 var útgáfuréttur og birgðir af 76 hljóðbókatitlum sem Blindrafélagið átti, seldur Hljóðvinnslunni/Hljóðbók.is, sem er fyrirtæki Gísla Helgasonar.

Blindrafélagið hefur haldið áfram að selja í smásölu hljóðbækur í afgreiðslu félagsins og þar eru á boðstólum gott úrval af fánlegum hljóðbókum. Á síðasta ári seldi Blindrafélagið hljóðbækur fyrir um 400 þús. kr. Ekki hefur félagið tekjur af þessari sölu heldur er litið á hana sem þjónustu við félagsmenn.

### Hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta

Í ársbyrjun 2009 tók Blindrafélagið að sér að selja smá hjálpartæki, sem áður voru seld hjá Sjónstöð Íslands, í umboðssölu fyrir Þjónustu- og þekk-ingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Félagið ákvað fljótlega að bæta vörum við þennan vöruflokk og hóf að flytja inn vörur frá Bandaríkjunum og RNIB í Bretlandi. Fullyrða má að félagsmenn hafa tekið þessu framtaki félagsins fagnandi þar sem sala á þessum hjálparvörum hefur tekið kipp upp á við. Sala á þessum vörum nam um 800 þús kr. á síðasta ári og eru nýir vöruliðir þar í miklum meirihluta.

Álagningu á þessum vörum er stillt í hóf og fá félagsmenn þar að auki 25% afslátt. Félagið vill með þessu bæta framboð af sérvörum sem þessum og lítur á starfssemina sem aukna þjónustu við félagsmenn fremur en að hagnast af sjálfri sölunni.

Í ársbyrjun 2010 var ákveðið að hefja tækjaleigu á dýrum og sérhæfðum hjálpartækjum fyrir blinda og sjónskerta. Þjónustan er fyrst og fremst ætluð fyrir skóla, fyrirtæki og stofnanir til að auðvelda þeim að verða sér út um nauðsynleg tæki til fyrir sjónskert námsfólk eða starfsmenn. Gerður er leigusamningur milli Blindrafélagsins og leigutaka sem skuldbindur sig til að leigja viðkomandi tæki í 12 mánuði hið minnsta. Þegar samningur hefur verið undirritaður, kaupir Blindrafélagið og fjármagnar tækið. Von félagsins er að þessi þjónusta auðveldi, einkum skólum, að útvega nemendum sínum nauðsynleg hjálpartæki og annan sérhæfðan búnað. Samið hefur verið um leigu á fyrsta tækinu sem þegar hefur verið pantað og verður það afhent á næstunni.

## Gjafir og styrkir til Blindrafélagsins

### Framlag Alþingis á fjárlögum ársins 2010

Eins og undanfarin ár sótti Blindrafélagið um fjárveitingu til Fjárlaganefndar Alþingis. Í desember 2009 samþykkti Alþingi fjárlög ársins 2010. Í þeim hefur framlag til Blindrafélagsins verið lækkað um 20% niður í kr. 8.000.000.

Þegar ljóst var að fjárlaganefnd ætlaði að lækka framlag sitt til félagsins þetta mikið, ritaði stjórn félagsins nefndinni bréf og benti á að þetta væri meiri lækkun en boðuð hefði verið á félagslegum útgjöldum í þessum málaflokki en samkvæmt yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar átti það að vera 5%.

### Styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra

Sótt var um styrk úr Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna almenns viðhalds á fasteignum félagsins. Enginn styrkur var veittur á árinu 2009 og litlar líkur eru á jákvæðari fréttum á þessu ári. Stjórnvöld kenna efnahagsástandinu um en fé til sjóðsins hefur verið skorið að mestu niður.

### Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Bandalagið auglýsir eftir umsóknum um styrkina og sótti Blindrafélagið um 3 m.kr. styrk til að fjármagna endurbætur á vefsíðu félagsins, ýmsa atburði vegna 70 ára afmælis félagsins, útgáfu á Mastersritgerð Helgu Einarsdóttur og framkvæmdir við húseignina að Hamrahlíð 17.

Blindrafélaginu var úthlutaður styrkur að upphæð kr. 1.925.000 sem var varið til greiðslu upp í ofangreind verkefni.

### Gjöf Blindravinafélags Íslands

Í 70 ára afmælishófi félagsins þann 19. ágúst 2009, færði Blindravinafélag Íslands Blindrafélaginu 15 milljónir króna að gjöf.

Í gjafabréfinu segir m.a.:

*„Í tilefni 70 ára afmælis ykkar hefur stjórn Blindravinafélags Íslands ákveðið að færa ykkur að gjöf kr. 15.000.000,- fimmtán milljónir -, sem lagðar verði í sjóð í nafni Blindravinafélags Íslands.*

*Tilgangur sjóðsins verði að hjálpa blindum og sjónskertum, einstaklingum og hópum með því að veita styrki til tölvukaupa, ferðastyrki, styrki til lækninga og ýmissa náms- og kynnisferða, styrki vegna ráðstefnu, móttöku og tengdra verkefna í sambandi við málefni blindra og sjónskertra.*

*Umsóknir um styrki séu stílaðar á Styktarsjóð Blindravinafélags Íslands.*

*Ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum verði teknar af stjórn Blindrafélagsins og við úthlutun verði þess getið að um styrk úr styrktarsjóði Blindravinafélags Íslands sé að ræða.*"

Stjórn og félagsmenn Blindrafélagsins sendir Blindravinafélagi Íslands innilegustu þakkir fyrir þessa stórkostlegu gjöf. Um leið er minnt á að Blindravinafélag Íslands hefur verið einn helsti bakhjarl blindra og sjónskertra í áratugi. Þeirra framlög verða seint fullþökkuð.

### **Styrkir og gjafir frá ónefndum aðilum**

Ýmsir aðrir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum. Sumir þessara aðila vilja ekki láta nafn síns getið en félagið vill ekki láta hjá líða að senda sérstakar þakkir til aðila sem færði félaginu nýjan punktaletursprentara sem hefur stórbætt alla aðstöðu á skrifstofu félagsins til að prenta skjöl á punktalettri.

Öllum þessum ónefndu aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber.

## **Veittir styrkir**

Í mars 2009 var samþykkt í stjórn Blindrafélagsins tillaga um að setja eina milljón króna í tímabundið verkefni sem hefði þann tilgang að styrkja fagfólk sem vinnur að málefnum blindra og sjónskertra til að sækja ráðstefnur, sýningar og námskeið erlendis. Blindravinafélag Íslands hefur heitið að leggja sömu upphæð í þetta verkefni. Því eru alls til ráðstöfunar tvær milljónir króna. Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands vilja með þessu móti gera fagfólkinu áfram kleift að bæta sína þekkingu á þessu sviði en hið opinbera hefur nánast alveg skrúfað fyrir utanlandsferðir starfsmanna sinna síðan bankakerfið á Íslandi hrundi í árslok 2008.

Á árinu 2009 voru alls veittar kr. 1.240.000 í styrki til fagfólks en því sem eftir er, kr. 760.000, verða veittar í styrki á árinu 2010.

Ungblind var úthlutað 100.000 kr. styrk í mars 2009 til að halda skyndihjálparnámskeið fyrir félagsmenn sína.

Á stjórnarfundi Blindrafélagsins 2. apríl 2009 var samþykkt að veita Blindrabókasafninu styrk að upphæð kr. 500.000 til að ljúka átaksverkefni safnsins

við að flytja allt efni af hefðbundnum segulbandsspólum yfir á stafrænt form. Styrkurinn var greiddur úr Verkefnasjóði félagsins.

Hvatningarstyrkir Blindrafélagsins voru veittir í annað sinn á aðalfundi þann 23. maí 2009. Veittir voru alls styrkir til þriggja félagsmanna, samtals að upphæð kr. 900.000.

Á stjórnarfundum 6. október 2009 var lögð fram skýrsla um rekstrarvanda Tölvumiðstöðvar fatlaðra. Þar var farið fram á að aðildarfélagin ásamt ÖBÍ leggi fram allt að 3 milljónir króna til að tryggja reksturinn næsta árið og að ekki þurfi að koma til uppsagna starfsfólks. Samþykkti stjórnin að Blindrafélagið mundi leggja fram kr. 300.000 til Tölvumiðstöðvarinnar gegn því að önnur aðildarfélag gerðu slíkt hið sama. Helmingur upphæðinnar skal greiddur á árinu 2009 en eftirstöðvar í ársbyrjun 2010.

Hjálpartækjastyrkir voru auglýstir til umsóknar í september 2009 og umsóknarfrestur var til 15. nóvember. Lítil eftirspurn var eftir styrkjum. Eingöngu var úthlutað um 54 þús kr. til fjögurra einstaklinga.

Á starfsárinu var samkvæmt venju úthlutað styrk til Íþróttasambands fatlaðra til greiðslu á launum fylgdarmanns á íþróttamóti erlendis. Styrkurinn að þessu sinni var kr. 50.000.

Á starfsárinu voru greidd námskeið, ráðstefnu- og skólagjöld fyrir fáeina starfsmenn félagsins, auk þess sem nokkrir félagsmenn nutu niðurgreiðslu félagsins á fyrirlestrum og námskeiðum.

Úr Námsjóði blindra var úthlutað alls kr. 625.000 á árinu 2009.

Engum styrkjum var úthlutað úr Minningarsjóði Margrétar Jónsdóttur.

Verkefnasjóður Blindrafélagsins greiddi kostnað vegna ýmissa sérverkefna sem ákveðin voru af stjórn félagsins. Vísað er nánar til ársreiknings sjóðsins sem birtur er með ársreikningum félagsins.

## Starfsmannamál

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir helstu breytingum í starfsmannahaldi Blindrafélagsins árið 2009.

Verulegar breytingar urðu á starfi trúnaðarmanna í kjölfar þess að stjórn félagsins ákvað að setja meiri kraft í kerfið. Í byrjun janúar 2009 hóf Halla Dís Hallfreðsdóttir störf sem trúnaðarmaður félagsins í 25% starfshlutfalli. Í nóvember var síðan Haraldur Matthíasson ráðinn í starf trúnaðarmanns, einnig í 25% starfshlutfalli. Eru þau hér með bæði boðin velkomin til starfa.

Nú eru 3 trúnaðarmenn í starfi hjá félaginu undir forystu Brynju Arthúrsdóttur aðaltrúnaðarmanns en hún tók við því starfi af Ragnari M Magnússyni sem lét af störfum í júlí 2009. Ragnar starfaði við trúnaðarmannakerfið frá því að því var komið á fót árið 1998 og sem aðaltrúnaðarmaður frá árinu 2001. Ragnari eru hér með þökkuð frábær og fórnfús störf öll þessi ár og óhætt er að fullyrða að hann hafi verið sá burðarás sem hélt kerfinu gangandi.

Pegar Brynja tók við starfi aðaltrúnaðarmanns, lét hún af starfi atvinnufulltrúa en heldur áfram, ásamt trúnaðarmennskunni, starfi sínu við kynningarmál. Þau störf sem áður tilheyrðu atvinnufulltrúa, heyra nú undir ráðgjafa félagsins.

Um mitt ár 2009 voru þær breytingar á ritstjórn Valdra greina að Jóhanna Kondrup lét af starfi ritstjóra eftir u.þ.b. eitt ár í starfi. Eru Jóhönnu hér með þökkuð góð störf í þágu ritsins og félagsins og henni óskað velfarnaðar í störfum sínum hjá Blindravinnustofunni þar sem hún starfar nú.

Í ágúst 2009 settist Ágústa Eir Gunnarsdóttir í stól ritstjóra Valdra greina en sá stóll er henni vel kunnugur. Ásamt starfi ritstjóra gegnir Ágústa einnig starfi sem upplýsingafulltrúi félagsins. Hún er í 50% starfshlutfalli.

Á fyrri hluta ársins ákvað stjórn félagsins að ráða til reynslu í eitt ár æskulýðsfulltrúa til starfa hjá félaginu. Þorkell Jóhann Steindal, félagsmaður í Blindrafélaginu, var ráðinn og hóf hann störf í júní 2009. Hann vinnur í 50% starfshlutfalli.

Á síðari hluta árisins 2009 var einnig ákveðið að ráða til reynslu aðgengisfulltrúa til starfa fyrir félagið. Ráðinn var félagsmaðurinn Birkir Rúnar Gunnarsson í 25% starfshlutfall. Vegna nægra verkefna og góðrar reynslu af starfinu, var ákveðið snemma árs 2010 að auka starfshlutfall hans í 40% og lengja reynslutímamann út árið.

Í október 2009 var starfshlutfall húsvarðar hækkað í 40% en hafði verið 20% um alllangt skeið. Lengi hafði verið ljóst að gamla starfshlutfallið var

of lágt. Húsvörður minnkaði í kjölfarið starfshlutfall sitt á Blindravinnustofunni samsvarandi.

Ein þeirra sem þrifa húsið er Laufey Fríða Hjálmarsdóttir. Í júní 2009 tók hún að sér að þrifa gestaherbergi hússins en vinna við það hefur farið vaxandi. Tók hún við þeirri vinnu af Kolbrúnu Sigurjónsdóttur, íbúa í húsinu, sem hefur annast þetta verk lengi. Eru henni hér með þökkuð vel unnin störf á liðnum árum. Ræstingar í húsinu eru talin vera alls um 1,45 stöðugildi en kostnaður við þær er að hluta greiddur af leigjendum.

Mötuneytið í Hamrahlíð 17 var starfrækt allt árið 2009 með tveggja mánaða hléi yfir hásumarið. Þar ræður ríkjum Harfrún Lára Bjarnadóttir sem nú er í fullu starfi og hefur sér til aðstoðar þegar þörf er á, þau Guðberg Halldórsson og Þóreyju Haraldsdóttur.

Björn Alfreðsson starfaði í þrjá mánuði í 50% starfshlutfalli frá október 2009 til janúar 2010. Hann vann við að afrita gamlar upptökur af Völdum greinum og öðru félagsefni af hefðbundnum segulbandsspólum yfir á stafrænt form. Björn innti það verk vel úr hendi.

Mónika Kjartansdóttir sem hefur starfað við ýmis verkefni og afleysingar á skrifstofu félagsins meira og minna í 2 - 3 ár lét af störfum í september 2009 þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Henni er hér með óskað til hamingju og þökkuð vel unnin störf hjá félaginu.

Blindrafélagið þakkar öllum starfsmönnum sínum vel unnin störf á árinu og óskar þeim sem hurfu frá störfum velfarnaðar á öðrum sviðum.

Í desember 2009 voru 25 starfsmenn á launaskrá hjá félaginu í ýmsum starfshlutföllum. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 12,3 og hækkaði milli ára um 1,3 stöðugildi.

Heildarstarfsmannakostnaður félagsins árið 2009 nam um 56,5 milljónum króna að meðtöldum launatengdum gjöldum.

## Viðhald og rekstur fasteigna

Allmiklum fjármunum var varið á árinu 2009 til viðhalds og endurbóta á fasteignum félagsins, eða rúmum 20 m.kr., þar af voru gjaldfærðar um 8 m.kr.

Helstu verkefni sem unnið var að voru:

Endurbótum á drenlagnakerfi umhverfis eldri álmu Hamrahlíðar 17 var lokið snemma á árinu 2009. Kostnaður við framkvæmdirnar nam alls um 13 milljónum króna en hluti þeirrar upphæðar féll á árið 2008.

Í kjölfar framkvæmdanna á lagnakerfinu var ráðist í lagfæringar og endurbætur á lóðinni fyrir sunnan og austan húsið. Allar hellur og stéttir voru endurlagðar eða lagfærðar. Ný gönguleið frá útidyrum á 2. Hæð að bílastæðinu var lögð og hitalögn sett undir hellur. Garðurinn var yfirfarinn og lagfærður. Kostnaður við þetta verk nam rúmum 3 milljónum króna.

Á miðju ári voru allmiklar breytingar gerðar á skrifstofu félagsins þegar ákveðið var að skipta aðalskrifstofurýminu niður í 6 minni einingar. Með þessu móti fengu flestir starfsmenn félagsins einkaskrifstofurými. Þetta nýja fyrirkomulag hefur mælst mjög vel fyrir og geta starfsmenn nú átt viðtöl og unnið aðra vinnu í góðu næði. Þessar framkvæmdir kostuðu um 1,5 m.kr.

Á síðari hluta ársins voru tvær litlar íbúðir í húsinu endurnýjaðar. Um er að ræða íbúðir 308 og 309 en önnur þeirra er gestaíbúð. Baðherbergi voru endurnýjuð frá toppi til táar, skipt var um skápa, eldhúsinnréttingar gerðar upp, eldhústæki endurnýjuð. Gólfefni og gluggar lagfærðir auk þess sem allt var málað. Kostnaður við þessar framkvæmdir var um 3,5 m.kr.

Ýmsar aðrar viðhaldsframkvæmdir áttu sér stað í Hamrahlíð 17, einkum á húsnæði Blindravinnustofunnar og á 5. hæð ásamt minniháttar verkefnum í nokkrum íbúðum.

Á miðju ári 2009 var gerður nýr ótímabundinn leigusamningur við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga um alla 5. Hæð Hamrahlíðar 17. Samningurinn er hugsaður til langs tíma og hefur Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin komið sér vel fyrir á hæðinni og gert gagngerar breytingar á innréttingum og aðstöðu.

3 nýir leigjendur fluttu í húsið á árinu.

## Mötuneyti

Eins og getið var í síðustu ársskýrslu, hófst rekstur mötuneytis í húsinu þann 1. september 2008 eftir u.þ.b. fimm ára hlé. Þá var ákveðið að mötuneytið skyldi rekið til reynslu fram til vors 2008. Reynslutímabilið tókst það vel að ákveðið var að halda rekstrinum áfram ótímabundið en tveggja mánaða hlé var gert yfir hásumarið.

Að jafnaði borða um 25 manns hádegismat í mötuneytinu en fleiri á þriðjudögum og fimmtudögum þegar Opið hús starfar. Aðalmatráður er Hafrún Lára Bjarnadóttir en henni til aðstoðar í Opnu húsi er Þórey Haraldsdóttir. Þær hafa einnig séð um mat í Opnu húsi á laugardögum sem haldið er mánadaglega yfir vetrartímann.

Þegar mötuneytið tók til starfa var miðað við að matarverð greiddi hráefniskostnað og hefur það gengið eftir.

## Ferðapjónusta blindra 2009

Í lok ársins 2009 voru um 427 einstaklingar, sem nýttu sér ferðapjónustuna og fjölgaði notendum um 15 á árinu. Þar af eru 50 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 21% afslátt af ferðunum, auk umsýslugjalds sem er kr. 50 á ferð.

Ferðum í ferðapjónustu hefur fjölgað um 3,6% milli ára, eða úr 33.782 í 35.019 ferðir.

Ferðum með 21% afslætti fjölgaði um 254%, eða úr 583 í 2.063 ferðir.

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyri	1.191.949	1.241	960
Álftanes	83.152	67	1.208
Hafnarfjörður	1.519.663	1.312	1.112
Reykjavík	35.453.151	31.430	1.079
Seltjarnarnes	747.852	631	1.056
Skaftárhreppur	390.698	337	1.119
Kaldrananeshreppur	553	1	553
Samtals	39.387.018	35019	1.012
Notendur með 21% afslátt	3.664.179	2.063	1.173

Á ofangreindu yfirliti um ferðapjónustuna og kostnað við hana sést að meðalferðin á árinu kostaði kr. 1.012 að frádregnum kostnaði notandans sem vanalega nemur einu strætófargjaldi, kr. 280. Þetta er 3,5% hækkun á ferðakostnaði frá 2008. Ferðakostnaður pr. ferð fyrir notendur með 21% afslátt er óbreyttur í krónutölu milli ára.

Hafnarfjarðarbær greiðir Blindrafélaginu fasta krónutölu á ári fyrir ferðapjónustu handa lögblindum íbúum Hafnarfjarðar. Þessi upphæð hefur verið óbreytt í rúm 3 ár eða síðan þjónusta hófst. Í júní byrjun 2009 þurfti Blindrafélagið að skerða verulega fjölda þeirra ferða sem notendum stendur til boða, eða niður í átta ferðir á mánuði.

Einnig hefur þurft að grípa til þess að skerða þjónustu við íbúa Akureyrar sem njóta ferðapjónustu blindra þar í bæ. Þar var sú leið farin, í samráði við notendur, að setja þak á kostnað við hverja ferð.. Notendur þurfa sjálfir að greiða umframkostnað ef farið er fram yfir þakið.

Blindrafélagið hefur haldið áfram að þrýsta á bæjaryfirvöld í Kópavogi, Mosfellsbæ og Árborg um ferðapjónustu handa lögblindum íbúum þessara bæjarfélaga en án árangurs. Blindrafélagið hefur aukið þrýsting á þessi bæjarfélög, m.a. með bréfaskrifum og umfjöllun í fjölmiðlum.

## Valdar greinar

Hljóðtímarit Blindrafélagsins, Valdar greinar, kom að jafnaði út hálfsmánaðarlega á síðasta starfsári, að undanskildum júlímánuði, en þá fóru greinarnar í sumarfrí.

Að loknu sumarfríi, eða í ágústmánuði 2009, lét Jóhanna Kondrup af störfum sem ritstjóri og við ritstjórnartaumunum tók fyrrum ritstjóri, Ágústa Gunnarsdóttir.

Sigríður Guðmundsdóttir ritstýrir og les efni úr dagblöðum líkt og hún hefur gert til fjölda ára og ýmsir starfsmenn Blindrafélagsins leggja til efni, s.s. tilkynningar, fundargerðir stjórnar o.fl. Þá berast reglulega kynningar á nýjum bókum frá Blindrabókasafni Íslands.

Efnistösk hafa að meginuppistöðu verið svipuð og undanfarin ár, en þó hefur verið lögð nokkur áhersla á að draga fram og birta gamalt efni; viðtöl og



*Hólm Dýrfjörð og Aðalbjörg M Jóhannsdóttir hlusta reglulega á Valdar greinar.*

fleira sem fundist hefur á gömlum snældum og segulbandsspólum í eigu Blindrafélagsins.

Öll tæknivinna við tímaritið svo og fjölföldun geisladiska hefur verið í höndum Gísla Helgasonar og Hljóðvinnslunnar ehf. Gísli hefur auk þess lagt til nokkur viðtöl, tek-ið viðtöl við fólk sem hann þekkir betur en ritstjórinn og hefur betri sögulegar forsendur til að nálgast viðfangsefnin.

Valdar greinar koma nú eingöngu út á MP3-hljóðformi og hefur það fyrirkomulag gefist vel.

Valdar greinar eru, jafn óðum og þær verða til, settar inn á heimasíðu Blindrafélagsins og þar gefst öllum kostur á að hlusta á efni þeirra.

## Félagssvið

Ársskýrsla rágjafa á félagssviði fyrir árið 2009.

### Helstu verkefni:

- Vinna með félagsmönnum og aðstandendum þeirra, sem vilja og/ eða þurfa að breyta einhverju í lífi sínu
- Standa vörð um réttindi og hagsmuni einstakra félagsmanna og aðstoða þá við að ná fram rétti sínum
- Fylgjast með þróun réttindamála
- Vinna að endurhæfingarmálum blindra og sjónskertra
- Vinna að rannsóknum á högum blindra og sjónskertra
- Halda utan um trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins, skipuleggja fundi með trúnaðarmönnum og boða til þeirra
- Umsjón með Námsgjóði Blindrafélagsins
- Umsjón með sjónum Blind börn á Íslandi

## Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins

Starfshlutfall ráðgjafa á félagssviði hefur verið u.þ.b. 60% á ári undanfarin ár. Vinnutími er frá kl.9.00 – 15.00 frá mánudegi til fimmtudags að báðum dögum meðtöldum. Á þeim tímum er félagsmönnum velkomið að koma á skrifstofuna og tala við ráðgjafa um hvaðeina sem á bjátar án þess að skrá sig sérstaklega í viðtal. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel en hefur haft það í för með sér að tölur um skráð viðtöl og fjölda skjólstæðinga eru ekki eins nákvæm og fyrr. Fyrir utan viðtöl sinnir ráðgjafi erindum í síma og með tölvuskeytum og fer töluverður tími í að sinna málum skjólstæðinga með þeim miðlum. Ráðgjafi hefur getað í æ frekara mæli vísað á trúnaðarmenn félagsins, t.d., hvað varðar móttöku nýrra félagsmanna. Með þessu fyrirkomulagi getur ráðgjafi á félagssviði einbeitt sér að þeim einstaklingum sem þurfa sérstakrar þjónustu við og haft tíma til þess að sinna fræðslu og samstarfi við þá aðili sem koma að málum þeirra.



*Guðfinnur Karlsson að lesa punktaletur.*

## Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar voru stofnanir sveitarfélaga sem sjá um félagslega heimaþjónustu, liðveislu og öldrunarþjónustu, ýmsar öldrunarstofnanir, Þjónustu og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga, Tryggingastofnun ríkisins, heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, svæðisskrifstofur málefna fatlaðra, Vinnumiðlun fatlaðra, Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra, systurfyrirtæki Símans Já.is., Proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands. Þær breytingar urðu um áramótin að afsláttur af afnotagjöldum ríkisútvarpsins til félagsmanna féll niður þar sem ekki verða lengur innheimt afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi. Þess í stað hefur verið ákveðið að lagður verði skattur á landsmenn sem rennur til reksturs ríkisútvarpsins.

## Leiðsöguhundar

Reynslan af leiðsöguhundaverkefninu hefur verið víðtæk og lærdómsrík á þessu eina ári sem notkun leiðsöguhundanna hefur staðið yfir. Hundarnir hafa í tveimur tilfellum skipt um notendur. Friðgeir Jóhannesson ákvað að skila sínum hundi aftur til Blindrafélagsins sumarið 2009 vegna sam-

starfsörðugleika. Hundinum Exit var fundinn nýr notandi og komu norsku þjálfararnir til landsins til þess að aðstoða við að finna hundinum nýjan notanda. Helgi Hjörvar valin sem nýr notandi úr hópi nokkurra umsækjenda sem allir höfðu hlotið forþjálfun. Drífa Gestsdóttir tók að sér samþjálfun Helga og Exit í hálfan mánuð og hefur samstarf þeirra gengið mjög vel síðan þjálfun lauk. Alexander Hrafnkelsson gekk undir aðgerð á auga síðastliðið ár og batnaði sjón hans við það til mikilla muna. Hann taldi sig ekki lengur hafa þörf fyrir leiðsöguhund og skilaði því Exo til Blindrafélagsins á haustmánuðum 2009. Í samráði við þjálfara norsku Blindrasamtakanna var ákveðið að Svanhildur Anna Sveinsdóttir fengi Exo en hún hafði hlotið forþjálfun í Noregi á sínum tíma. Við nánari athugun á stöðu þjálfunar leiðsöguhundsins Exo var ákveðið að þjálfari Blindrafélagsins Drífa Gestsdóttir tæki við hundinum og sæi um að leiðréttu þjálfun hans í nokkurn tíma þar til hægt væri að afhenda hann nýjum notanda og hefja samþjálfun þeirra. Svanhildur Anna er búsett á Akranesi og mun samþjálfunin fara fram þar.

Guðlaug Erlendsdóttir flutti búferlum til Akureyrar á árinu og var Drífa Gestsdóttir hundapþjálfari Blindrafélagsins fengin til þess að þjálfu Guðlaugu og Elan á nýjum slóðum, sú þjálfun gekk vel og hafa bæði Guðlaug og leiðsöguhundurinn Elan aðlagast nýjum aðstæðum vel.

## Niðurstaða

Pegar metin er ávinningur af notkun leiðsöguhundanna á síðastliðnu ári er eðlilegt að taka verður tillit til breytinga á aðstæðum notenda í hverju tilfelli fyrir sig og hefur það ferli verið lærdómsríkt. Hundapþjálfari Blindrafélagsins Drífa Gestsdóttir hefur séð um að grípa strax inn í breytingaferlið í öllum tilfellum og hefur það gengið mjög vel fyrir sig. Heilsufar hundanna hefur verið mjög gott og hefur mikil og góð grunnþjálfun hundanna frá upphafi skilað sér í traustum hjálpartækjum og góðum félögum fyrir notendur.

Leiðsöguhundar eru núna skilgreindir sem hjálpartæki og eru þar með á forræði þjónustu og þekkingarmiðstöðvar blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga. Þessi niðurstaða er í samræmi við tillögur nefndar sem stofnuð var af heilbrigðisráðherra á síðasta ári og átti Blindrafélagið sinn fulltrúa í þeirri nefnd.

## Trúnaðarmenn Blindrafélagsins

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa

sjón og aðstandendum þeirra. Ennfremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blinda og sjónskerta. Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi. Trúnaðarmenn blindrafélagsins eru sjálfir blindir eða sjónskertir og hafa starfað frá 1.júní 1998.

Til þess að efla Trúnaðarmannakerfið voru á árinu ráðnir 3 trúnaðarmenn í launuð störf hjá félaginu með það að markmiði að tryggja öllum félagsmönnum gott samband við sína trúnaðarmenn. Aðaltrúnaðarmenn í launuðu starfi eru Brynja Arthúrsdóttir sem jafnframt er yfirtrúnaðarmaður, Halla Dís Hallfreðsdóttir og Haraldur Matthíasson. Auk þeirra sinna nokkrir félagsmenn trúnaðarmannastörfum í sjálfböðavinnu þegar þess er óskað.

Á þessu eina ári þar sem trúnaðarmenn hafa sinnt reglulegum símhringingum í hlutastarfi hefur orðið merkjanlegur munur í átt að betri tengslum skrifstofu félagsins við félagsmenn og trúnaðarmenn hafa í auknu mæli getað upplýst félagsmenn um þá þjónustu sem í boði er hjá félaginu og aðstoðað þá við að leysa úr ýmsum vandamálum daglegs lífs.

Trúnaðarmenn mæta reglulega í „Opið hús“ Blindrafélagsins og sinna þar störfum sínum við að taka á móti félagsmönnum og veita upplýsingar um hin ýmsu málefni varðandi félagstarf og réttindi sjónskertra.

Undanfarin ár hafa verið haldnir einn til tveir starfsdagar á ári til þess að styrkja trúnaðarmenn í starfi. Á slíkum starfsdegi síðastliðið vor hófst dagurinn með umræðum um Opna húsið og fyrrgreindar breytingar á starfi trúnaðarmanna. Skipst var á skoðunum og komu fram ýmsar góðar ábendingar um fyrirkomulag og nýja áherslupætti. Sigríður Arnardóttir (Sirrý) fjölmiðlakona og ráðgjafi um almannatengsl hélt þriggja klukkustunda námskeið þar sem áherslan var á „Að laða til okkar það góða í lífinu.“ Fyrirlesturinn var uppbyggjandi og skemmtilegur og hópastarfið í kjölfarið gefandi og lærdómsríkt.

Í febrúar síðastliðnum var haldinn annar starfsdagur fyrir trúnaðarmenn þar sem Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur hélt fyrirlestur um áföll og viðbrögð við áföllum. Fyrirlesturinn kallaði hún „Að klífa sjötugan hamarinn“ og fjallaði um aðlögunarhæfni og góða og slæma úrvinnslu úr hinum ýmsu áföllum sem við verðum fyrir í lífinu. Eftir fyrirlesturinn stjórnaði hún umræðum sem urðu fjörugar og fræðandi. Þá kom leikkonan Edda Björgvinsdóttir og hélt langt erindi um mikilvægi kíminnar í lífinu. Hún kallaði fyrirlestur sinn „Góður húmor er dauðans alvara“ og sýndi hún fram á sann-

leiksgildi þess í leikandi léttum dúr með lifandi frásögnum úr eigin lífi sem hélt viðstöddum í viðvarandi hláturskasti í langan tíma. Þrátt fyrir mikla kæti kom hún skilaboðunum um mikilvægi kímnnar í lífinu vel til skila og voru allir ánægðir með að enda langan vinnudag á léttum nótum.

Tilgangur starfsdaganna er að þjappa trúnaðarmannahópnum saman, gera trúnaðarmenn hæfari í störfum sínum og samstillta viðbrögð við hinum ýmsu álitamálum sem upp geta komið í starfinu. Eftir breytingar á fyrirkomulagi trúnaðarmannakerfisins á undanfögnu ári hefur komið í ljós að aukin tengsl milli félagsmanna og starfsmanna félagsins hafa skilað aukinni ánægju með þjónustu félagsins. Með tíðari samtölum milli trúnaðarmanna og félagsmanna má einnig greina að vitneskjan um að hver og einn félagsmaður hafi sinn trúnaðarmann sem hægt er að hafa samband við á auðveldan hátt hefur aukið mönnum kjark til þess að taka meiri þátt í starfi félagsins og láta sig velferð þess varða.

## Frá kynningarfulltrúa

Starfssvið kynningafulltrúa er að heimsækja skóla og stofnanir og veita fræðslu á áhrifum blindu og sjónskerðingar og umgengni við fólk sem þannig er ástatt fyrir. Fjallað er um hvíta stafinn, leiðsöguhunda, punktaletur og einnig eru sýnd ýmis hjálpartæki. Ef tími og aðstæður leyfa er sýnd stutt kvikmynd með Radíusbræðrum þar sem þeir sýna hvernig ekki á að koma fram við blint og sjónskert fólk.

Á árinu heimsótti kynningafulltrúi reglulega Ökuskólann í Mjódd með fræðslu fyrir verðandi rútu og leigubílstjóra. Farið var í nokkra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og í Borgarfirði og spjallað við nemendur í 8., 9. eða 10. bekk. Haldnir voru fyrirlestrar fyrir starfsfólk á vistheimilum fyrir aldraða og einn fyrirlestur fyrir vistfólk. Einn Lionsklúbbur var heimsóttur á árinu.

Brynja Arthúrsdóttir,

Kynningafulltrúi og aðaltrúnaðarmaður

## Námssjóður Blindrafélagsins

Styrkir úr Námssjóði Blindrafélagsins eru veittir tvisvar á ári til allra þeirra félagsmanna sem stunda nám við viðurkenndar menntastofnanir. Styrk-

urinn er hugsaður sem hvatning til náms með það í huga að létta fjárhagslega undir með styrkþegum í undirbúningi þeirra að bættum lífskjörum.

## Sjóðurinn Blind börn á Íslandi

Styrkir úr sjóðnum Blind börn á Íslandi eru veittir börnum að 18 ára aldri vegna atburða eða hluta sem ekki eru styrktir af opinberu fé. Styrkirnir eru veittir tvisvar á ári og eru þetta oftast styrkir til hljóðfærakaupa, leiktækja og tölvukaupa. Árið 2005 stofnaði sjóðurinn leikfangasafn sem komið var fyrir í vörslu Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga. Leiktæki og leikföng sem ætluð eru til sjónörvunar barna eru dýr og endast börnum í stuttan tíma. Markmið sjóðsins er að kaupa ný leikföng og leiktæki einu sinni á ári í framtíðinni í þeirri von að sjóðurinn megi verða fleiri blindum og sjónskertum börnum og fjölskyldum þeirra til gagns og gleði á komandi tímum.



*Frá vorhátíð blindra barna.*

Sjóðnum Blind börn á Íslandi hafa borist rausnarlegar gjafir á undanfögnu ári sem leitt hefur til þess að sjóðurinn hefur getað styrkt við bakið á völdum verkefnum í þágu blindra og sjónskertra barna. Stefnt er að því á árinu að styrkja sérstakt skíðanámskeið fyrir blind og sjónskert börn í Bláfjöllum, styrkja myndlistarnámskeið í Myndlistarskóla Reykjavíkur og halda fjölskyldudag í Sólheimum í Grímsnesi í vor þar sem fjölskyldurnar fá tækifæri til þess að vera saman við leik og störf á uppbyggilegan hátt.



*Félagsmenn úr Opnu húsi í heimsókn að Skálholti.*

## Opið hús

Opið hús er fastur þáttur í félagslífi Blindrafélagsins og er ávallt vel sótt.

Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap og eiga samverustundir með skemmtilegu fólki. Reyndin hefur orðið sú að stærstur hluti gesta opna hússins er eldra fólk, en þó mætir fólk þangað á ýmsum aldri.

Opið hús var með hefðbundnu sniði síðastliðið starfsár líkt og undanfarin ár, á þriðjudögum og fimmtudögum hófst það kl. 13.00 og stóð til kl. 15.00.

Umsjónarmenn opna hússins voru Jón Júlíusson, Guðrún Ásmundsdóttir, Jón Hjartarson og Jónína H. Jónsdóttir.

Tengiliður frá skrifstofu félagsins var Steinunn H. Hákonardóttir.

Vetrarstarf opna hússins lauk með dagsferð síðastliðið vor eins og undanfarin ár og voru fararstjórar ferðarinnar þau Jón Júlíusson og Steinunn H. Hákonardóttir. Farið var um Þingvelli að Laugarvatni og stansað þar. Þá var ekið að húsdýragarðinum Slakka í Laugarási, þar drukkið kaffi og spilað og sungið. Síðan var ekið að Gullfossi og stansað þar í kalsa veðri. Loks var farið í kvöldverð á Hótel Heklu á Skeiðum. Heim var haldið síðla kvölds við söng og gleði.

19. nóvember hélt Opna húsið að Sólheimum í Grímsnesi í boði líknafélagsins Bergmáls. Þar var drukkið síðdegiskaffi, skoðaðar vinnustofur starfsfólks, verslað, farið í kirkjuna, étinn fyrirtaks kvöldverður og endað á kvöldvöku í Sesseljuhúsi.

## Opið hús á laugardögum

Fimmta starfsár opna hússins á laugardögum hófst um haustið 2009, en starfsemi þess hefur sífellt notið meiri vinsælda. Opið hús á laugardögum er haldið mánaðarlega og hefst það kl. 11.00 með fyrirlestri í hvert skipti. Leitast er við að hann sé bæði fræðandi og skemmtilegur. Kl. 12.00 er ávallt framreiddur heitur matur. Eftir matarhlé leika listamenn tónlist til kl. 14.00.

Í vetur hafa margir góðir fyrirlesarar glatt gesti. Má þar nefna Guðleifu Helgadóttur hjúkrunarfræðing, Gísla Helgason tónlistarmann og upptökustjóra, Steindór Andersen kvæðamann og fleiri.

Í vetur hefur Steinunn Hákonardóttir félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins séð um opna húsið á laugardögum.

## Dagur hvíta stafsins

Haldið var upp á Dag hvíta stafsins með kynningu á hvíta stafnum í samstarfi við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga á Háskólatorgi við Háskóla Íslands þar sem áhugasamir fengu að prófa að þreifa sig áfram með stafnum. Þessi kynning var endurtekin seinna um daginn í Kringlunni. Þar kynnti formaður Blindrafélagsins, Kristinn Halldór Einarsson breska ferðaskrifstofu sem blindur einstaklingur rekur og skipuleggur ferðir um allan heim. Sá hinn sami ferðast sem fararstjóri í öllum ferðum.



*Óli Þór vígalegur á vélfáknum.*

Bifhjólasamtökin Sniglarnir lánuðu bifhjól og leyfðu félagsmönnum að sitja á alvöru vélfákum á gamla strætósvæðinu við Kirkjusand. Þar fengu félagsmenn útrás í að vera farþegar og jafnvel að taka í tryllitækin.

Fjölmiðlar komu á staðinn og fylgdust með.

## Yfirlit yfir störf aðgengisfulltrúa.

Ég ætla að byrja þetta með því að afsaka lengd þessarar greinar en ég tel mikilvægt eð gera nokkuð vandlega grein fyrir stöðunni, verkefnum og framtíðinni, því þetta er ný staða og í raun enn tilraunaverkefni, a.m..k eins og ég skil stöðuna. Ég vona því lengdin komi ekki að sök og þið sýnið þolinmæði og lesið í gegnum þetta allt saman.

Haustið 2009 var ákveðið af stjórn Blindrafélagsins að búa til stöðu aðgengisfulltrúa á upplýsingasviði í 25% stöðugildi. Staðan var síðar aukin í 40% hlutfall mánaðamótin febrúar mars þessa árs. Skilgreining starfsins er nokkuð víðtæk en það felur í sér bætur á vef og rafrænu upplýsingaaðgengi blindra og sjónskertra á Íslandi. Slíku marki er náð með því að:

Vinna með fyrirtækjum og notendum til að veita aðgengi að einstökum vefsíðum eða skjölum sem eru ekki aðgengileg.

Með almennri fræðslu um vefaðgengi og alþjóðlega staðla sem þar að lúta til forritara og opinberra stofnanna.

Hugsanlega með setningu laga sem tryggja lágmarksaðgengi. Þetta á sérstaklega við um opinberar stofnanir og vefsíður þeirra auk annars efnis sem þær senda frá sér til almennings.

Starfið lútir ekki eingöngu að heimasíðum heldur einnig öðrum rafrænum skjölum svo sem skattaeyðublöðum, umsóknareyðublöðum margs konar og skýrslum s.s. skýrslunni stóru um aðdraganda bankahrunsins. Aðgengisvandamál geta skapast þegar um PDF skjöl er að ræða og einnig Word skjöl sem ekki eru vel úr garði gerð auk allra skjala og eyðublaða sem byggja á myndum frekar en texta. Lausnir eru margs konar og geta falið í sér allt frá því að gera eyðublöð á PDF formi að heimasíðum yfir í að gera Daisy bækur úr stórum skjölum, eða hreinlega að uppfæra forrit notanda þannig að notandi geti nýtt sér PDF aðgengi, sem hefur batnað til muna á s.l. mánuðum.

Auk þessa felur starfið í sér önnur tæknileg verkefni og þátttöku í alþjóðlegri samvinnu um vefaðgengi (sjá síðar).

Undirritaður var svo gæfusamur að vera tilnefndur og ráðinn í starfið síðastliðið haust. Síðan þá hafa milli 30 og 40 vefsíðumál komið inn á borð sem ábendingar frá félagsmönnum. Öll þau mál hafa fengið afgreiðslu með einum eða öðrum hætti en ekki eru öll aðgengismálin ennþá leyst. Í um helmingi tilfella, hafa ábendingar verið gerðar og lausn fundinn með þeim aðilum sem bera ábyrgð á gerð vefsíðunnar. Í um fjórðung tilfella er vinna enn í gangi þar eð lausnin var full viðamikil til þess að hægt væri að beita henni með einföldum hætti. Einu til tveimur málum var ekki svarað, en í þeim tilfellum var um minniháttar vefsíður að ræða og taldi ég, í samráði við þá sem bentu á vandamálið, að ekki væri þörf til að eyða of miklum tíma í að fylgja þeim málum eftir enda um minniháttar síður að ræða. Tvö til þrjú málana var hægt að leysa með betri þjálfun notanda eða minniháttar forritsuppfærslum og var slíkt gert í samvinnu við Hlyn Hreinsson á Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðinni (hér eftir PPM). Þessi liður starfsins kallar á nána samvinnu við PPM þar sem miðstöðin sér bæði um kaup og þjálfun á hugbúnaði sem félagsmenn nota og eru því best í stakk búnir að bæta þjálfun og kennslu. Í sumum tilfellum ákváðu fyrirtæki sem þurfa að gera viðamiklar breytingar á vefsíðum sínum að kaupa tæknilega ráðgjöf frá fyrirtækinu Sjá ehf. sem eru sérfræðingar á þessu sviði. Hef ég verið í sambandi við Sigrúnu Þorsteinsdóttur hjá þeim til þess að fylgjast með framvindu þeirra mála, enda mikilvægt að fylgja málunum eftir til lausnar en ekki leyfa þeim að tynast ef fyrirtæki klára ekki ferlið með Sjá EHF.

Sem aðgengisfulltrúi vil ég gefa fyrirtækjum skýra hugmynd um hvar vandamálið liggur og kem með tæknilegar ábendingar þar sem við á, en þó er mikilvægt að starfið feli ekki í sér lagfæringu eða meiriháttar greiningarvinnu til að halda uppi hlutleysi og trúverðugleika starfsins. Ef ábending kemur frá einkafyrirtæki (Sjá ehf.), finnst aðilum oft að um eigin hagsmuni sé að ræða og ábending um galla ásamt boði um vottun gegn greiðslu sé gerð í eigin hagsmunaskyni.

Mikilvægt er að ábendingar frá Blindrafélaginu séu gerðar í þágu aðgengis félagsmanna að síðunni en ekki til fjárhagslegs ávinnings fyrir félagið og fólk líti ekki á ábendingar frá okkur í tengslum við þá góðu vinnu sem Sjá ehf. framkvæmir.

Að mínu mati hefur gengið einstaklega vel að fá vefsíður lagfærðar og ég hef fundið fyrir mikilli ánægju meðal félagsmanna um árangur starfsins til þessa, sem er einstaklega góð tilfinning.

Hvað varðar mennta og fræðslumál, þá hef ég nálgast SVEF, samtök vefiðnaðarins á Íslandi og hef fengið jákvæð viðbrögð frá þeim bæði um að setja kynningar á aðgengismálum á heimasíðu samtakanna, [www.svef.is](http://www.svef.is), auk þess að veita vefverðlaun fyrir aðgengi á næsta ári til þess að vekja almenna athygli á málefni. Í sumar stefni ég að því að ræða aðgengismál við helstu skóla sem kenna forritun auk þess sem mig langar að halda kynningar fyrir auglýsingastofur, vefþjónustuaðila og hugsanlega helstu forritara í opinbera geiranum. Margir vefhönnuðir læra með vinnu og fíkti en ekki á skipulegan hátt í gegnum skóla og því er mikilvægt að beita mismunandi aðferðum til þess að ná til sem flestra. Til að byrja með verður áhersla lögð á að skrifa almennar greinar um aðgengi og fá þær birtar á heimasíðu SVEF.

Hvað varðar löggjöf hef ég kynnt mér löggjafir og staðla sem leiddir hafa verið í lög víða um heim og hef ég stungið upp á því við Öryrkjabandalagið að vinnuhópur verði skipaður til að undirbúa lög um lágmarksaðgengi að opinberrum vefsíðum á Íslandi, þar eð margir notendur sem ekki eru blindir eiga við aðgengisvandamál að etja. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda og opinbera stefnu þeirra í upplýsingamálum hafa vandamál við heimasíður opinberra stofnanna verið áberandi og tel ég mikilvægt að lágmarksaðgengi verði skilgreint og tryggt ef unnt er, helst með einhvers konar laga- eða reglugerðarsetningu. Ég tel Öryrkjabandalagið réttan vettvang fyrir slíka vinnu svo aðgengi allra, ekki bara blindra og sjónskertra notenda, sé haft í huga. Slík reglugerð ætti einnig að taka til opinberra upplýsinga sem birtar eru á rafrænu formi s.s. skjölum, eyðublöðum o.s.frv.

Því miður hefur verið fátt um svör og lítill áhugi á þessu verkefni enn sem komið er enda hefur bæði Öryrkjabandalagið og stjórnvöld staðið í ströngu við önnur og afdrifaríkari mál ef til skamms tíma er litið, en ég tel þó að þegar öldur fara að lægjast eftir Icesave og bankakreppuna gefist okkur betra rými til þess að vekja athygli á þessum málum.

Sem aðgengisfulltrúi hef ég einnig komið að öðrum verkefnum síðan í haust. Þar má helst telja aðkomu að greiningarvinnu um íslenskan talþjón sem félagið hefur unnið að, vikuleg skrif um tæknimál (sem er einnig á vegum PPM), könnun á möguleikum sem felast í rafrænum skilríkjum auk umræða um talandi hraðbanka, sem hafa strandað á kostnaði og tiltölu-

lega litlum áhuga bæði meðal banka- og félagsmanna, en þó tel ég að því máli sé hvergi nærri lokið.

Ég sótti CSUN ráðstefnuna í San Diego í marsmánuði á vegum PPM og hyggst fara á ICCHP ráðstefnuna í Vínarborg í júlímánuði.

Eins og kom í ljós á CSUN er mjög mikilvægt að fylgjast með því sem er að gerast í tæknimálum þegar aðgengi er annars vegar. Aðgengi er mjög flókið fyrirbæri. Hugbúnaðarlega byggir aðgengi á þriggja manna dansi ef svo má segja:

Í fyrsta lagi eru það upplýsingar og forrit sem setja þær að stafrænt form.

Í öðru lagi eru það stýrikerfi og forrit sem lesa eða nýta upplýsingarnar.

Í þriðja lagi er um að ræða hugbúnað sem notandi hefur til þess að gera upplýsingarnar aðgengilegar.

Stundum er ábyrgð um endurbætur á herðum þess sem setur upplýsingarnar inn. Oft er hægt að breyta innsetningu eða bæta hana. Stundum er slíkt þó ekki hægt eða er svo dýrt að það væri ekki réttlætanlegt að biðja um aðgengilegt form slíkra upplýsinga (t.d. flókið myndefni á heimasíðu banka). Þá þarf að finna aðrar lausnir. Stundum eru upplýsingar til staðar en stýrikerfi eða forrit notanda er ekki til þess fallið að birta þær á réttan hátt (t.d. eldri útgáfur af Explorer og/eða PDF). Stundum er við aðgengishugbúnaðinn sjálfan að sakast. Sem dæmi má nefna að Hal á stundum í vandræðum með PDF skjöl sem JAWS sýnir fullkomlega. Við Hlynur notuðum tækifærið á CSUN og ræddum þessi vandamál við fulltrúa Dolphin og munu þeir taka þau til skoðunar. Við þennan hugbúnaðardans bætist svo færni notanda í notkun hugbúnaðarins. Í a.m.k. 3 til 4 tilfellum, var lausnin fólgin í því að vinna með notanda og beita þjálfun og hugbúnaðaruppfærslu til þess að veita nægjanlegt aðgengi að heimasíðu.

Til þess að geta gegnt hlutverki aðgengisfulltrúa vel, þarf viðkomandi aðili að kynna sér alla þessa þætti og gera sér grein fyrir hvar best sé að þrýsta á um úrbætur. Á CSUN sýningunni voru t.d. margir starfsmenn Adobe sem héldu kynningar bæði í sambandi við PDF skjöl og Flash hugbúnaðinn sem er æ algengari á vefsíðum, og Adobe menn mega eiga það, að þeir hafa gert átak í þessum málum og kynntu sína vinnu vel. Eins og áður getur, hef ég fundið þörfina á að vinna náið með PPM og koma ábendingum til

Dolphin, Freedom Scientific o.s.frv. í gegnum þá þegar við á, eða vinna með þeim til að beita þjálfun þar sem við á.

Einnig er mikið um svokölluð „Open Source“ verkefni bæði innan og utan Evrópu þar sem fólk vinnur að bættu aðgengi eða nýjum hugbúnaðarlausnum sem dreift er notendum að kostnaðarlausu. Sem dæmi má nefna Aegis verkefnið sem hefur hlotið 12 milljóna evra styrk og hefur nú þegar gefið út forrit sem hægt er að nota til að breyta Open Office skjölum í Daisybækur. Á næsta ári kemur lausn sem hægt er að nota til að prenta Open Office skjöl á punktalettri, og fleira er í farvatninu. Ég tel mikilvægt við á Íslandi fylgjumst með, og tökum þátt í, slíkum verkefnum eins og kostur er á. Sum þessara verkefna myndu falla betur í verkahring PPM en önnur tengjast beint aðgengismálum og eru því góður samvinnuvettvangur milli PPM og Blindrafélagsins. Ég er þegar í samstarfi við forritarann á bak við ESpeak talþjóninn sem talar 27 tungumál, þ.á.m. íslensku, um úrbætur og uppfærslu á íslenskuhlutanum. Líklegt er að þessi hugbúnaður fylgi ókeypis skjálestrarforritum fyrir Linux, Windows og síma (s.s. Orca fyrir Linux, NVDA fyrir Windows og TalkBack fyrir Android símastýrikerfið svo eitthvað sé nefnt). Mikilvægt er að íslenska sé valkostur þar frá upphafi og gæðin séu ásættanleg.

Um mánaðamótin febrúar mars var samþykkt að starfshlutfalli aðgengisfulltrúa yrði aukið úr 25% í 40% sem flýttir fyrir lausn þessara verkefna. Ég tel mikilvægt að Blindrafélagið haldi áfram að vera virkur aðili í að verja þær umbætur sem rafrænt aðgengi hefur fært okkar félagsmönnum. Ég er ánægður að fá að taka þátt í starfseminni og fá að skilgreina hlutverk aðgengisfulltrúa því verkefnin eru ærin og af mörgu að taka.

Að lokum vil ég geta þess að ég fékk fjármagn til menntunar á sviði aðgengismála og er að ljúka vottun frá <http://easi.cc> (Electronic Access to Software and Information), þar sem tekið er á þeim málum sem ég hef rætt hér. Ég hef lært mikið af þessu og býst við að ljúka vottuninni í maí n.k. Hefur námið verið talsverður hluti af starfinu, sérstaklega til að byrja með, svo ég býst við að í framtíðinni gangi mál hraðar fyrir sig þegar reynsla, ferli og vitneskja safnast saman. Að lokum vil ég, enn og aftur, þakka gott samstarf við stjórn félagsins PPM og Sjá ehf. en án þessara aðila væri starf aðgengisfulltrúa afkastalítið og kæmi litlu til skila, vona ég að þetta samstarf eflist og aukist við stofnanir eins og ÖBÍ, TR og aðra aðila innan Þjóðfélagsins, það er jú allra hagur að upplýsingar til almennings séu aðgengilegar okkur öllum.

## CSUN – ferðalýsing

Dagana 22. til 27. mars var haldin CSUN ráðstefnan, svokallaða, sem er ein helsta ráðstefna og sýning fyrir tækni helgaða tölvuaðgengi blindra og sjónskertra notenda víða um heim. Þetta er í 25. skiptið sem ráðstefnan er haldin og að þessu sinni fór hún fram í San Diego í Kaliforníu. Undirritaður fór á sýninguna á vegum Þjónustu og Þekkingarmiðstöðvarinnar ásamt Hlyni nokkrum Hreinssyni, sem ætti að vera lesendum vel kunnur, og Huld Magnúsdóttur, forstjóra stofnunarinnar. Einnig voru með í för Hartmann Guðmundsson frá Örtækni ásamt konu sinni.

Auk sýningarinnar sjálfrar, sem haldin er í stórum sal með ógrynni fyrirtækja og tækja af öllum gerðum, er einnig stíft fyrirlestraprógram þar sem tækni er kynnt og rædd og er það ein aðalástæða þess að við reynum að sækja þessa ráðstefnu umfram aðrar. Við teljum nauðsynlegt að fara a.m.k á nokkurra ára fresti, til að kynna okkur strauma og stefnur, reglugerðir, vefaðgengi og aðrar tækninýngar og hugmyndir í aðgengistæknigeiranum. Fyrirlestrarnir standa yfir frá 8 á morgnana til 5 um kvöldið alla fjóra daganna og eru fjórir mismunandi fyrirlestrar haldnir í einu svo við þurftum að skipta liði ásamt því að velja og hafna því sem í boði var.

Við sátum fyrirlestra allan daginn, kíktum margoft í sýningarsalinn og töluðum við ýmsa aðila. Þ.á.m. má nefna menn frá Dolphin, AI Squared og fleiri aðilum sem við kaupum vörur og þjónustu af, auk manna frá Sun og Gnome í sambandi við talþjóna og “Open Source” skjálestrarforrit. Fulltrúa frá Adobe í sambandi við vefaðgengi að Flash vefsíðum og PDF skjölum, fulltrúum frá GH Accessibility í sambandi við stærðfræðibækur á punktalettri og prentun og vinnslu slíkra bóka svo fátt eitt sé nefnt. Við komum til baka uppfull af hugmyndum og sligumst undir kynningarbæklingum og nafnspjöldum, samstarfsverkefnum og fleiru í þeim dúr.

Við Hlynur skiptumst á að skrifa vikulegar greinar um einstök tæki, atriði eða fyrirlestra og er hægt að nálgast þær undir tæknimolasíðu [www.mid-stod.is](http://www.mid-stod.is). Greinarnar hafa einnig verið sendar á blindlist póstlistann um leið og þær birtast á netinu. Reiknar undirritaður með að um 5 til 8 vikulegir pistlar fjalli um sýninguna beint og vonandi fjölmargir um verkefni sem við vonumst til að ganga í á næstu vikum og mánuðum í samvinnu við það merkisfólk sem við kynntumst ytra.

Ráðstefnan var haldin á Manchester Grand Hyatt hótelinu sem er rótgróið og flott hótél í hjarta San Diego borgar. Þó var alveg greinilegt að hótelið var ekki hannað með blinda þátttakendur í huga. Fundarherbergin

voru dreifð yfir tvær hæðir með þröngum göngum þar sem lampar og annað dót skagaði fram úr veggjum. Fundarherbergin sjálf hétu hinum ýmsu nöfnum en var ekki raðað í neins konar stafrófsröð þannig að maður þurfti stöðugt að spyrja sjálfan sig og aðra hvort herbergið sem maður var að leita að væri á annarri eða þriðju hæð. Sem betur fer var mikið um starfsmenn á sýningunni sem veittu upplýsingar og aðstoð þegar á þurfti að halda. Einnig var nokkuð merkilegt að inni í herbergjunum var stóllum raðað upp einsog í kvikmyndasali og hvorki voru þar borð undir fartölvur né innstungur til að stinga þeim í samband svo maður varð að vera passasamur með batteríin og glósa einungis þegar manni fannst efnið sérstaklega áhugavert. Einnig fannst okkur allmerkilegt að ekki var veittur netaðgangur fyrir ráðstefnugesti, þó svo sýningin eigi að heita tæknisýning. Úr því var reyndar bætt síðasta daginn. Þrátt fyrir þessar aðfinnslur var sýningin svo sem öll hin glæsilegasta og sumir fyrirlestrana frábærir. Sýningarsalurinn sjálfur opnaði í lok miðvikudagsins og voru þar fulltrúar flestra helstu fyrirtækja í bransanum að kynna gömul tæki og ný. Við tókum þó eftir því að kreppan og tilkoma annarra sýninga er verulega farin að setja strik í reikninginn og hefur sýningarbásur fækkað um yfir helming síðan Hlynur fór á þessa sýningu árið 2007.

Ráðstefnudagarnir sem eftir fylgdu voru allir mjög svipaðir og engin ástæða til að rekja þá í smáatriðum. Við fórum á fyrirlestra, kíktum á sýningarsalinn, mæltum okkur mót við fólk sem okkur langaði að ræða betur við og héldum svo fund yfir kvöldmatnum þar sem við bárum saman bækur okkar (eða nafnspjöld) og yfirleitt var farið fremur snemma í bólið, enda menn orðnir þeyttir eftir langa daga.

Á sýningunni fundum við margt spennandi. Það er mikill kraftur í „Open Source“ hugbúnaðarþróun þ.e.a.s. þróun ókeypis forrita eins og Linux og Windows skjálesurum, og okkur finnst þessi forrit komin á það stig að við þurfum að setjast niður og prófa hugbúnaðinn með það fyrir augum að dreifa honum til þeirra sem gætu nýtt sér hann héraðis eða a.m.k. ráðast í þýðingu slíks hugbúnaðar svo hann sé tilbúinn til notkunar.

Það sem okkur fannst einna merkilegast við sýninguna og rauði þráðurinn í mörgum kynningum og verkefnum sem tengjast henni er mikil viðhorfsbreyting meðal blindra og sjónskertra í heiminum í dag. Þeim finnst ekki lengur sjálfsagt að borga stórar fjárhæðir til þess að geta notað sömu tæki og tól og sjáandi fólk, því finnst frekar sjálfsagt að slíkt sé innbyggt eða a.m.k. kosti það ekki mikið meira en sjáandi notendur þurfa að greiða. Ég held við eigum Apple fyrirtækinu mikið að þakka í þessum efnum og

einnig NVDA og fleiri „Open Source“ forritum og hugbúnaði. Á sýningunni var t.d. talandi sjónvarps stýritæki og DVD spilari sem kostaði nær 120.000 kr. (um 1.000 dollara) og ekki hitti ég nokkurn mann sem datt í hug að kaupa svona tæki meðan hægt er að kaupa heila tölvu með öllum talandi hugbúnaði og slíku á helmingi þessa verðs. Vissulega er samt spennandi að sjá að aðgengileg tækni og tal er að dreifast út frá tölvunni og til annarra heimilistækja. Open Source tæknin er að ryðja sér æ meir til rúms og mörg rannsóknarverkefni eru í gangi í þeim geira. Sem dæmi má nefna sífellt auknar vinsældir NVDA skjálesarans fyrir Windows, stórbætt aðgengi Open Office pakkans, forrit sem breyta Word skjölum sem skrifuð eru í Open Office í Daisy hljóðbók og ókeypis talþjónn sem styður 27 tungumál þ.á.m. íslensku, þó röddin hljómi einna helst eins og drukkinn Norðmaður í augnablikinu enda hefur höfundur talþjónsins aldrei heyrt talaða íslensku heldur gerði talþjónin eingöngu eftir reglum sem hann fann á netinu. Þessa rödd mætti stórbæta með lítilli fyrirhöfn.

Adobe fyrirtækið hafði marga fulltrúa á sýningunni og aðgengi að PDF skjölum og Flash veftækni var í miklu fyrirrúmi. Apple höfðu einnig dágóðan hóp og nokkrar kynningar og erum við félagarnir stórhreifnir af því sem Apple hefur verið að gera í aðgengismálum. bæði VoiceOver skjálesarinn fyrir Makka og iPhone síminn (3GS útgáfan) hafa nýjar og byltingakenndar lausnir fyrir skjálesaranotendur og hefur þróunin verið einstaklega hröð á síðasta ári. Einnig hefur GPS tækni rutt sér enn meir til rúms og okkur finnst full ástæða til þess að taka hana til alvarlegrar skoðunar fyrir notendur á Íslandi og erum þegar farin að vinna í málinu eins og tæknimolaskrif okkar gefa til kynna.

Meðal annarra tækja sem við sáum á sýningunni má nefna Daisy spilara sem er með innbyggt þráðlaust netkort, en hann kallast Plectalk Pocket og er frá Plector fyrirtækinu, kareokitæki sem hægt er að tengja punktaletursskjá við, þráðlausa hanska með hreyfiskynjurum sem gerir mönnum kleyft að nota hvaða borðflöt sem er sem punktaleturslyklaborð þó það sé enn á tilraunastigi, forrit sem breytir Nokiasímum í stækkunartæki, talandi skanna sem hægt er að nota til að lesa á alls kyns matvörur og notfærir sér hin svokölluðu “barcode” vörumerki og fleira. Við munum skrifa um þetta allt saman í komandi tæknimolum og haldið því áfram að lesa þá. Einnig tókum við eftir að verð á punktaletursskjám, í Bandaríkjunum amk, virðist vera á nokkuð hraðri niðurlæið vegna tilkomu nýrra aðila og aukinnar samkeppni og vonumst við til þess að sjá áframhald þessarar þróunar.

Okkur langar að taka meiri þátt í Open Source verkefnum og skoða Apple tæki og sjá hvort þessi tæki og forrit bjóði okkur upp á möguleika til að veita notendum okkar jafngóða eða betri þjónustu og tæknilausnir fyrir mun minni kostnað en við erum að greiða í dag. Það er engin spurning um að við þurfum að setja markið hátt og finna nýjar lausnir meðan fjárhagsástandið í þjóðfélaginu batnar ekki og nær öruggt að það mun koma jafnt við okkur sem aðra. Eftir sýninguna teljum við þó að við getum stefnt að því að bæta þjónustu við blinda og sjónskerta notendur á Íslandi, ekki bara standa í stað þótt einungis hluti þeirra fjölmörgu hugmynda sem við fengum í San Diego gangi upp og erum við því bjartsýn á næstu ár þrátt fyrir endalausar kreppumræður.

Við komum bjartsýn og full af krafti af ráðstefnunni og höfum þegar ráðist í bréfaskriftir og prufanir og vonumst til að þið munið sjá afraksturinn á næstu mánuðum og árum.

Birgir R Gunnarsson

## Frá æskulýðsfulltrúa og Ungblind



*Hlynur Þór Agnarsson, Bergvin Oddsson og Þorkell J Steindal á jólahlaðborði.*

Á árinu hefur ýmislegt verið gert með yngri meðlimum félagsins. Sjóðurinn Blind börn á Íslandi, í samvinnu við Blindrafélagið stóð fyrir vogleði sem stíluð var inn á yngsta fólkið. Leiknir voru leikir, þjóðþekktir gestir sáu um skemmtiatriði og fengu gestir grillmat að borða Haldin var aðventuhátíð fyrir jólin í samvinnu við sjóðinn þar sem hlustað var á góða tónlist, piparkökur bakaðar og

skreyttar. Sjóðurinn, í samvinnu við þjónustu- og þekkingarmiðstöðina og Blindrafélagið, stóð fyrir fjölskyldudegi á Sólheimum í Grímsnesi nú í apríl síðastliðnum. Þar komu saman fjölskyldur yngstu meðlima félagsins, systkini og foreldrar, fengu fræðslu, fóru í ratleik, elduðu saman og áttu góðar stundir. Gott samstarf hefur verið við sjóðinn og er það mikið gleðiefni.

Blindrafélagið hefur einnig átt gott samstarf við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Má þar nefna bingó fyrir yngstu meðlimi félagsins, matreiðslunámskeið, námskeið í líkamsvitund, líkamsbeitingu og tjáningu og verkefni sem miða að tengsla-myndun.

Ungblind hefur unnið með Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni, m.a við Dag hvíta stafsins þar sem ungmenni tóku þátt í að sýna hvíta stafinn og svara spurningum áhugasamra vegfarenda. Einnig tóku meðlimir Ungblind þátt í skipulagningu mótorhjólaaksturs þeim og öðrum til mikillar gleði.

Ungblind bauð til grillveislu síðasta sumar þar sem félagsmönnum var boðið í mat í góðum félagsskap.

Haldnar voru norrænar sumarbúðir daganna 25. júní til 2. júlí. Þar komu saman ungmenni frá Norðurlöndunum og var þemað íþróttir. Frá höfuðstöðvum á Selfossi fóru þátttakendur víða um, m.a til Vestmannaeyja, á Hvolsvöll, til Reykjavíkur og Gullna hringinn, þ.e. Gullfoss, Geysi og Þingvelli. Sumarbúðirnar tókust mjög vel og létu þátttakendur í ljós mikla ánægju með dagskrá, land og þjóð.

Meðlimir Ungblind hafa komið saman, bæði í húsi Blindrafélagsins og á kaffihúsum. Innan Ungblind hafa verið settar á fót nefndir til að ræða markmið og móta stefnu varðandi starfið. Lagasetningarnefnd hefur verið sett á fót til að búa til lög fyrir félagið. Ungblind átti gott samstarf við Kvennaskólann þar sem nýnemar í lífsleikni fengu kynningu á blindu og sjónskerðingu og innsýn inn í líf blindra og sjónskertra jafningja.

Ungblind hefur sett á fót Facebook síðu þar sem meðlimir geta komið til skila ábendingum, sett fram skoðanir og rætt sín á milli.

Fulltrúar Ungblind sóttu eina erlenda ráðstefnu sem fram fór í Noregi. Um var að ræða fund á vegum SUN, ungliðasamtakanna á Norðurlöndum. Tilgangur ráðstefnunnar var að ræða aðgengi að upplýsingum, tækifæri á atvinnumarkaði, möguleika í námi. Þátttakendum gafst tækifæri á að deila reynslu sinni í að vinna úr vandamálum og yfirstíga hindranir sem blind og sjónskert ungmenni standa frammi fyrir.

## Foreldradeild Blindrafélagsins

Starf foreldradeildar Blindrafélagsins var með því rólegra árið 2009, en aðeins var haldinn einn fundur í deildinni sem fór fram í mars.

Foreldradeild stóð árið 2009 í þriðja sinn að myndlistarnámskeiði fyrir blind og sjónskert börn á aldrinum 8 til 12 ára. Myndlistarnámskeiðin hafa verið haldin í góðu samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík og Þjónustu og þekkingarmiðstöð sem veitti ráðgjöf til kennara á námskeiðinu. Barnamenningarsjóður og Sjóðurinn Blind börn á Íslandi veittu styrki til námskeiðsins.

Myndlistarnámskeiðið var upphaflega liður í átaki í tómskundaiðkun blindra og sjónskertra barna, en er nú orðið að föstum lið í námskeiðahaldi Myndlistaskólans í Reykjavík. Kennarar og stjórnendur skólans eiga hrós skilið fyrir liðlegheit og áræðni til að halda námskeiðinu gangandi. Hefð hefur einnig skapast fyrir sýningu á verkum barnanna og var sýningin “Kvikskynjun” opnuð á Torginu í Þjóðminjasafni Íslands 29. ágúst. Þar gátu gestir og gangandi virt fyrir sér og snert á glæsilegum verkum þeirra barna sem sóttu myndlistarnámskeiðið.

Umræðuvefur foreldradeildar hófst á flug um mitt árið 2009, og virtust foreldrar hafa fundið sér vettvang til spjalls og skrafs um málefni barna sinna. Þessar umræður hafa nú að mestu færst yfir á Facebook síðu foreldradeildar. Almennt virðist umræðan hafa færst í jákvæðara horf, og þá sérstaklega hvað varðar þjónustu og skólamál blindra og sjónskertra barna.

Blind og sjónskert börn og foreldrar þeirra, nutu á árinu einnig góðs af vel heppnuðum uppákomum sjóðsins Blind börn á Íslandi, er sjóðurinn stóð bæði að vorhátíð og hinni hefðbundnu jólaskemmtun. Báðir þessir viðburðir voru vel sóttir og einstaklega skemmtilegir. Foreldradeild vill koma á framfæri kæru þakklæti til sjóðsins sem og starfsfólki Blindrafélagsins fyrir frábært skipulag og jákvætt framlag.

## Kvennadeild Blindrafélagsins

Fundir voru haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar, sá fyrsti í október. Þar voru kynnt íslensk jurtakrem og smyrsl frá Purity Herbs, sem áttu eftir að reynast okkur vel.

*Stjórn kvennadeildar þær Heba H Júlíusdóttir, Arnheiður Björnsdóttir, Rósa Ragnarsdóttir og Ólöf Jóhannsdóttir.*



Síðan komu fram eftir vetri margir góðir gestir til okkar, svo sem flokkur Færeyinga, sem söng og dansaði færeyska dansa og kenndu okkur nóg til að við gátum dansað með.

Anna Kristine Magnúsdóttir kom í jólamánuðinum og las upp úr nýrri bók sinni og spjallaði við okkur meðan við gæddum okkur á ostum og rauðvíni.

Eftir áramót fengum við í heimsókn, Eyþór Edvarðsson, sálfræðing sem talaði um samskipti fólks og fleiri málefni. Allt á léttum nótum.

Dísa og hafmeyjarnar (Hjördís Geirs & Co.) komu með gítar og sungu fyrir okkur. Þeim fannst svo gaman að þær báðu um að fá að koma aftur. Verða þær á aðalfundinum sem haldinn verður í apríl.

Þá er að nefna Maríu Lóu, lífskúntner, skemmtileg kona, sem fræddi okkur um líf fólks í Japan þar sem hún var við nám.

Tveir fundir voru haldnir í NKK nefndinni.

Sá fyrri var haldinn í Almása í Svíþjóð dagana 22 og 23. ágúst 2009. Seinni fundurinn var síðan haldinn í Finnlandi 10 og 11. febrúar 2010. Jeanet Hösk lét af formennsku í nefndinni og Marjatta Saramaa frá Finnlandi tók við. Dagskrá NKK ráðstefnunnar sem haldin verður á Sólheimum í september var samþykkt. Þessa fundi sóttu þær Lilja Sveinsdóttir og Arnheiður Björnsdóttir.

Stjórn Kvennadeildar.

## Starfsemi Norðurlandsdeildar, maí 2009 – maí 2010



*Pálmi Stefánsson þenur nikkuna.*

Á starfstímabilinu hafa verið haldnir 6 fundir hjá Norðurlandsdeild Blindrafélagsins. 10 - 20 einstaklingar mæta á hvern fund. Í vetur höfum við verið með jólahlaðborð og þorrablót og þegar þetta er ritað er verið að undirbúa keiluferð í keiluhöllina á Akureyri sem fram fer í lok apríl.

Í byrjun nóvember s.l. komu formaður og framkvæmdastjóri Blindrafélagsins á fund hjá deildinni til að kynna stefnumótun stjórnar Blindrafélagsins. Að þessu sinni var fundurinn haldinn á veitingahúsinu Strikinu og bauð Blindrafélagið félagsmönnum sínum á norðurlandi upp á ljúffengan kvöldverð í tilefni af 70 ára afmæli félagsins.

Í desember var opnað útibú frá skrifstofu Blindrafélagsins þar sem seld voru hjálpartæki sem seld eru dags daglega á skrifstofunni í Hamrahlíðinni. Sölusýningin var haldin í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð og stóð yfir í þrjá daga. Þessi tilraun tókst vel í alla staði og vonir eru um að framhald verði á þessu verkefni og að Harpa Völundardóttir hjálpartækjasérfræðingur mæti aftur með spennandi varning, vonandi á þessu ári.

Vilja undirritaðir, fyrir hönd norðurlandsdeildar, þakka fyrir gott samstarf við stjórn og starfsfólk Blindrafélagsins. Viljum við þakka sérstaklega fyrir að gestaíbúðin í Hamrahlíð 17 fékk talsverða andlitslyftingu og aðstaðan þar batnaði verulega.

Með norðankveðju,

Karl Ásgeirsson, Pálmi Stefánsson og Halldór Sævar Guðbergsson

## Starfssemi Suðurlandsdeildar

Varðandi fundina sem haldnir voru í janúar og febrúar 2009 vísast til skýrslu síðasta árs.

Aðalfundur var haldinn 31. mars þar sem stjórnin var endurkjörin. Næsti fundur var haldinn þann 27. apríl með almennu spjalli og góðgerðum.

Fundur var haldinn 25. maí þar sem rætt var um neitun Árborgar við þátttöku á leigubílakostnaði í Reykjavík. Borist hafði bréf frá sveitarfélaginu þar sem málaleitunum Blindrafélagsins fyrir okkar hönd um niðurgreiðslur á leigubílum í Reykjavík var alfarið hafnað. Ljóst er að taka þarf upp þráðinn á næsta ári til þess að ná fram einhverjum niðurgreiðslum eða stuðningi varðandi ferðapjónustu okkar í höfuðborginni. Aðalefni þessa fundar var heimsókn frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni. Þaðan komu þau Huld Magnúsdóttir, forstöðumaður og Baldur Gylfason, ráðgjafi. Þau héldu stutt erindi og svöruðu spurningum.

Vel var mætt á septemberfundinn og vetrarstarfið rætt fram og til baka. Enn eru það ferðamálin sem á okkur brenna.

Á októberfundinn kom Sabína Halldórsdóttir frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni og hélt gott erindi, sem kom sér vel þar sem margir nýir félagar hafa bæst í hópinn og þurftu margs að spyrja. Þar voru meðal annars kynnt hjálpartæki frá Blindrafélaginu. Jólafundur var haldinn í nóvember.

f.h. Suðurlandsdeildar,

Guðrún S. Þórarinsdóttir.

## Starfssemi RP deildar

Á aðalfundi RP deildarinnar s.l. haust urðu breytingar í stjórn deildarinnar. Nýja stjórn skipa Sigþór Hallfreðsson formaður, Kristinn H. Einarsson gjaldkeri, Guðrún Skúladóttir ritari, Alexander Hrafnkelsson og Elín Bjarnadóttir meðstjórnendur.

Eitt af því sem talsvert hefur verið rætt um innan RP deildar er hvernig hægt sé að ná til RP fólks sem ekki er skráð í félagið og koma upplýsingum til þeirra jafnt og félagsmanna. Skipulögð var dagskrá að Sólheimum sem

sértaklega var miðuð að því að ná til þessa hóps og þeirra sem eru á virkum atvinnualdri. Með aðstoð Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar voru kynningargögn send til allra sem þar eru á skrá með RP. Skemmst er frá því að segja að undirtektir voru svo dræmar að hætta varð við atburðinn. En þetta undirstrikar hversu erfitt er að ná til þessa hóps og hvað þetta er erfitt skref fyrir marga.

Í október sóttu Sigþór og Kristinn fund hjá norrænu RP samtökunum í Lundi í Svíþjóð. Þar var haldinn sameiginlegur fundur deildanna og hlustað á fyrirlestra um rannsóknir á RP sem fram fara á háskólasjúkrahúsinu í Lundi.

Næsti fundur norrænu RP samtakanna verður haldinn á Íslandi í byrjun ágúst næstkomandi. Á sama tíma munu norrænu RP samtökin taka þátt í málstofu um RP á þingi norrænu augnlæknasamtakanna. En RP samtökin koma m.a. að því að velja fyrirlesara og taka þátt kostnaði við þá.

Á síðasta starfsári hefur RP deildin einnig staðið fyrir óformlegum fundi fólks á aldrinum 25 - 50. Markmiðið hefur verið að fólk á virkum vinnumarkaði, á líkum aldri og sem er á svipuðu róli hvað varðar sjónmissinn, hittist og spjalli á óformlegum nótum um aðstæður sínar og reynslu. Einnig hefur verið horft til þess að þetta sé vettvangur til að ná til þeirra sem ekki eru ennþá tilbúnir að ganga í Blindrafélagið en eru með RP.

## Ferðanefnd

Á árinu starfaði ferðanefnd ekki með formlegum hætti og voru engar ferðir farnar á hennar vegum. Síðast var nefndin skipuð eftirtöldum einstaklingum: Friðgeir Jóhannesson, Aldís F. Magnúsdóttir, Ólafur Þór Baldvinsson, Brynja Arthúrsdóttir og Steinunn Hákonardóttir.

## Skemmtinefnd

Á síðasta aðalfundi Blindrafélagsins voru eftirtaldir kjörnir í skemmtinefnd: Bergvin Oddson, formaður, Grímur Þóroddsson, Jóna Garðarsdóttir og Sigurjón Einarsson

Starfið var með hefðbundnum hætti og var staðið fyrir jólahlaðborði og þorrablóti.



*Skemmtun í samkomusalnum.*

Jólahlaðborðið var haldið laugardaginn 5. desember. Veislustjóri var Karl V. Mattíasson. Þorvaldur Víðisson fór með hugvekju og Þorgils Björgvinsson spilaði undir fjöldasöng á gítar. Að lokum kom svo Hlynur Þór Agnarsson með tölvuna sína og lék undir dansi. Maturinn kom frá Stefáni Stefánssyni á Just Food to go (áður á Rauðará). Þátttakendur voru um 60 talsins.

Þorablót Blindrafélagsins var síðan haldið á þorrapræl, laugardaginn 20. febrúar í samkomusalnum að Hamrahlíð 17. Húsið opnaði kl. 19:00 og tók Ólafur Beinteinn Ólafsson á móti gestum með harmonikkuspili. Um áttaleitið setti síðan Sigurjón Einarsson, formaður skemmtinefndar samkunduna og fól Ólafi Bein. veislustjórn. Að þessu loknu hófst borðhald. Maturinn kom frá Stefáni á Just Food to go. Undir borðum léku Ólafur Bein. og Haraldur G. Hjálmarsson og einnig sagði Ólafur frá þorranum og þorablótum. Fjöldasöngur var framinn og farið með gamanmál og annað skemmtilegt. Að loknu borðhaldi tók sópransöngkonan Ingibjörg Aldísi Ólafsdóttir nokkur lög við undirleik Óla Bein. Þá fluttu þeir Þorkell (Keli) Steindal og Eypór Þrastarson minni karla og kvenna og voru með viðeigandi söng í kjölfarið. Þetta atriði var afar sérstakt og minnisvert og stóðu strákarnir sig vel. Að lokum dunaði dansinn fram í nóttina við undirleik Óla

Bein. og Halla. Þátttaka var dræm eða um 35 manns en gerður var góður rómur að skemmtuninni.

Í janúarlok tók Sigurjón Einarsson við formennsku í nefndinni af Bergvini Oddssyni.

f.h. skemmtinefndar,

Sigurjón Einarsson

## Tómstundanefnd



*Stefanía Ósk Júlíusdóttir heklar dúk og notar kíkisgleraugu.*

Tómstundarnefnd hittist nokkrum sinnum yfir starfsárið vegna undirbúnings vetrarstarfsins. Nefndin stóð fyrir námskeiðum fyrir og eftir áramótin, bæði í handavinnu og leir. Einnig stóð hún fyrir tveimur bingóum fyrir áramót og tveimur eftir áramót. Bæði námskeiðin og bingóin voru vel sótt.

Þökkum við öllum þeim sem mætt hafa í bingó og námskeið kærlega fyrir starfið í vetur.

f.h. tómstundarnefndar,

Elín, Harpa, Kolbrún og Lilja.

## Bókmenntaklúbburinn veturinn 2009 til 2010.

Bókmenntaklúbburinn hóf sitt fimmta starfsár haustið 2009. Líkt og síðastliðið ár hittist átta til tíu manna hópur reglulega á hálfsmánaðar fresti og las saman sjö bækur yfir veturinn. Mæting var ágæt og átti hópurinn margar skemmtilegar samveru- og samræðustundir og skipst var á mismunandi skoðunum.

Félagar klúbbsins sakna Jolee Margaret Crane sem andaðist í mars 2010 en hún hefur verið með í klúbbum frá upphafi. Hún lagði til afspilunartæki og sá um að stjórna tökkunum þegar hópurinn hittist.

Í tilefni af fimm ára afmæli klúbbsins var gerður dagamunur þann 15. desember. Klúbbfélagar hittust af því tilefni á kaffihúsinu Súfistanum í lðuhúsinu við Lækjargötu. Þar stóð bókmenntaklúbburinn fyrir jólabókaupplestri. Einar Hjaltested íslenskukennari las upp úr þremur bókum fyrir klúbbfélaga og aðra gesti. Eftir góðar veitingar fór hópurinn saman og skoðaði bóka-verslunina lðu í sama húsi. Var þetta vel lukkað og eftirminnilegt afmæli.

Samskiptin við Blindrabókasafnið voru eins og fyrri ár, mjög góð. Klúbbfélagar þakka safninu sérstaklega fyrir frábæra þjónustu.

## Blindravinnustofan

### Meginstarfsemi félagsins

Markmið Blindravinnustofunnar er að veita blindum og sjónskertum atvinnu samhliða þjálfun og endurhæfingu sem eykur færni til þátttöku á vinnumarkaði.

Starfsemi Blindravinnustofunnar felst einkum í sölu hreingerningaráhalda undir vörumerki félagsins. Þökkun eigin vöru auk þökkunar fyrir fyrirtæki og stofnanir er uppistaðan í rekstri. Daglegt starf starfsmanna felst því í samsetningu, talningu, merkingu og þökkun. Stærstur hlutinn eru eigin vörur sem eru seldar í verslanir.

### Starfsemin á árinu

Rekstur Blindravinnustofunnar getur vart talist fjárhagslega viðunandi á s.l. ári þar sem lítilsháttar tap var á starfsseminni en hafa ber í huga að árferði var mjög óhagstætt á árinu.

Vörur vinnustofunnar eru seldar í öllum verslunum Haga, en einnig í Húsa-smiðjunni, Nóatúni og 11-11. Bónus er sem fyrr stærsti einstaki viðskiptavinur Blindravinnustofunnar og hefur samstarf félaganna verið farsælt og gott.

Starfsemin á árinu 2009 var með hefðbundnum hætti. Starfsmenn voru 32 talsins á árinu, en flestir starfsmanna eru blindir, sjónskertir og/eða með aðrar fatlanir.

Blindravinnustofan hefur fundið fyrir samdrætti eins og önnur fyrirtæki í landinu. Vörusala jókst um 6,2% í krónum á árinu en minnkaði í magni talið. Almennigur virðist leita í auknum mæli að hagstæðum verðum og hefur markaðshlutdeild lágvöruverðsverslana aukist.

Framkvæmdastjóri Blindravinnustofunnar sagði upp og lét af störfum um mitt ár 2009. Formaður stjórnar ásamt framkvæmdastjóra Blindrafélagsins og starfsleiðbeinanda Blindravinnustofunnar fóru með daglega stjórn til ársloka. Í upphafi ársins 2010 var Björn Hermannsson ráðinn framkvæmdastjóri.

Á árinu fóru fram viðræðum milli eigenda Blindravinnustofunnar, Múla-  
lundar (SÍBS) og Vinnustaða ÖBÍ um sameiningu þessara vinnustaða. Við-  
ræðurnar skiluðu ekki þeirri niðurstöðu að hagkvæmt væri fyrir alla aðila  
að sameina rekstur þessara eininga.

## Stjórn

Í upphafi ársins voru eftirtaldir í stjórn Blindravinnustofunnar:

Guðmundur Rafn Bjarnason formaður, Þorsteinn Jóhannsson ritari, Kristinn Halldór Einarsson, Olga Björg Jónsdóttir og Hanna Björg Sigurjónsdóttir. Nokkrar breytingar urðu á stjórninni á árinu og nú eru í stjórninni: Sigbór Hallfreðsson formaður, Ágústa Gunnarsdóttir, Elfa Hermannsdóttir, Halldór Sævar Guðbergsson og Hrönn Pétursdóttir.

## **Daufblindrafélag Íslands, ársskýrsla 2009 - 2010**

Daufblindrafélag Íslands hefur aðsetur að Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.

Daufblindrafélag Íslands var stofnað þann 15. mars 1994. Tilgangur með stofnun félagsins var og er að vinna að hagsmuna- og menningarmálum daufblinds fólks. Helsta ástæða fyrir stofnun félagsins var sú að enginn einn aðili í stjórnkerfinu bar ábyrgð á málefnum daufblindra einstaklinga á þeim tíma.

Samkvæmt lögum Daufblindrafélagsins er það opið öllum daufblindum einstaklingum á Íslandi.

## Aðalfundur og stjórn

Þann 22. apríl 2009 var árlegur aðalfundur félagsins haldinn og tókst hann í alla staði mjög vel.

Á fundinum átti, samkvæmt lögum félagsins, að kjósa formann til tveggja ára, einn aðalstjórnarmann úr hópi styrktarfélaga til tveggja ára og einn varamann stjórnar til tveggja ára.

Friðjón Erlendsson var einróma kjörinn formaður næstu tvö árin og Margrét Ríkarðsdóttir var einróma kjörin úr hópi styrktarfélaga næstu tvö árin.

Pegar kom að kosningu varamanns til næstu tveggja ára kom í ljós að haustið 2008 hafði Bryndís Snæbjörnsdóttir, sem kjörin var í varastjórn á aðalfundi árið 2008, tekið sæti í aðalstjórn í stað Guðlaugar Erlendsdóttur og tekið við embætti varaformanns. Félagsmenn samþykktu því afbrigði frá lögum félagsins og kusu einn til setu í varastjórn næstu tvö árin og annan til setu fram að næsta aðalfundi árið 2010.

Kristjana Garðarsdóttir var einróma kjörin til setu næstu tvö árin og Brynja Arthúrsdóttir var kjörin í varastjórn fram að aðalfundi árið 2010.

Stjórn DBFÍ skipuðu þá:

Friðjón Erlendsson formaður, Bryndís Snæbjörnsdóttir varaformaður, Margrét Ríkarðsdóttir ritari, Friðgeir Jóhannesson meðstjórnandi og Ágústa Gunnarsdóttir gjaldkeri.

Í varastjórn sátu:

Brynja Arthúrsdóttir og Kristjana Garðarsdóttir.

Friðjón Erlendsson formaður var fulltrúi DBFÍ í stjórn ÖBÍ og Bryndís Snæbjörnsdóttir varaformaður til vara.

## Stjórnarfundir

Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir og enginn þeirra var símafundur.

## Starfsmannamál

Þann 1. apríl 2009 réð stjórn félagsins Hafdísí Maríu Tryggvadóttur í starf daufblindraráðgjafa í 50% starfshlutfall.

Hafdís starfaði til 1. september 2009 en fór þá í barneignarleyfi. Hún snéri aftur til starfa eftir leyfið þann 1. apríl sl.

Þá mánuði sem enginn starfsmaður var við störf hjá félaginu sáu stjórnarmenn um daglegan rekstur þess, s.s. að sinna fjáröflun (sölu dagbóka), greiða reikninga o.þ.h. Starfsemin var með minnsta móti þá mánuði og var t.d. engin þjónusta við félagsmenn eða aðstandendur þeirra á meðan.

## Félagsstarf

Frá haustinu 2009 og fram til vors 2010 hefur stjórn félagsins kappkostað að halda uppi öflugum félagsstarfi innan félagsins. Í því skyni var ákveðið að standa fyrir einum viðburði í mánuði yfir vetrarmánuðina og þó það hafi ekki alveg gengið eftir var ýmislegt gert á starfsárinu. Meðal þess sem stjórn stóð fyrir var spilakvöld, fyrirlestrar og hið árlega jólakaffi var haldið í desember og var það bæði fjölmennt og skemmtilegt.

## Samstarf við aðrar stofnanir

Daufblindrafélagið hefur átt gott samstarf við aðrar innlendar stofnanir sem koma með einhverjum hætti að þjónustu við daufblint fólk. Félagið hefur m.a. átt mikið og gott samstarf við ráðgjafa í málefnum daufblinds fólks á þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og hefur félagið komið nokkuð að mótun þessa nýja starfs innan miðstöðvarinnar. Þá hefur félagið átt gott samstarf við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og átt þar fundi um túlkamál o.fl.

Á haustmánuðum stóð Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir tákmarksnámskeiði fyrir daufblint fólk og aðra þá sem tengjast félaginu og voru þátttakendur sex talsins.

Þá hafa fulltrúar félagsins átt sæti í ýmsum nefndum og samstarfshópum, m.a. í laganefnd Öryrkjabandalags Íslands, samstarfshópi um fyrirhugaðan flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og fleirum.

## Erlend samskipti

Daufblindrafélagið stóð fyrir norrænum formannafundi á Íslandi dagana 7. – 9. september 2009.

Hingað til lands komu 2 fulltrúar hinna Norðurlandanna, nema 1 frá Danmörku, ásamt tulkum og aðstoðarfólki, alls 17 manns. Formlegir fulltrúar Íslendinga á fundinum voru Friðjón Erlendsson formaður og Bryndís Snæbjörnsdóttir varaformaður.

Fundurinn fór fram á Flughótelinu í Keflavík og þar bjuggu þátttakendur á meðan á honum stóð.

Fundurinn tókst í alla staði afar vel og vill stjórn koma á framfæri sérstökum þökkum til Sigurjóns Einarssonar, en hann sá að miklu leyti um skipulagningu fundarins og hafði með höndum fundarstjórn.

Þegar fundi lauk, sunnudaginn 9. september, fór hluti þátttakenda í Bláa lónið, en hluti þeirra til Reykjavíkur. Allur hópurinn hittist síðan í Reykjavík um kvöldið og fór saman út að borða.

Félagið hélt einnig uppi tölvupóstsamskiptum við ýmsa erlenda samstarfsaðila á árinu.

### **Norræn rannsókn á högum daufblinds fólks á Norðurlöndunum**

Þýðingu á niðurstöðum rannsóknarinnar yfir á íslensku lauk á síðastliðnu ári, en Íslendingar voru þátttakendur í rannsókninni. Stefnt var að því að gefa niðurstöðurnar út á Íslandi á síðasta starfsári, en sökum fjárskorts hefur það enn ekki tekist. Stjórn telur afar mikilvægt að rannsóknin verði gefin út sem allra fyrst og vinnur að því að afla fjár til þess að svo megi verða.

### **Kynningarstarf**

Líkt og mörg undanfarin ár stóð félagið fyrir sölu á Viðskiptadagbók á haustmánuðum. Að þessu sinni fylgdi dagbókunum sérútbúið kynningarblað þar sem starfsemi félagsins var kynnt fyrir kaupendum og þeir hvattir til að styðja félagið enn frekar. Ekki leikur vafi á að kynningarblaðið hefur haft þau áhrif að heimtur af sölu Viðskiptadagbókarinnar hafa verið mjög góðar.

Þá réðst félagið í gerð kynningarbæklings og leit hann dagsins ljós í janúar 2010. Mikill metnaður var lagður í gerð bæklingsins, m.a. fenginn ljósmyndari til að taka myndir.

Bæklingurinn hefur verið sendur vítt og breitt eftir að hann kom út, m.a. á ráðuneyti, Alþingismenn og stofnanir sem með einhverjum hætti kunna að koma að þjónustu við daufblint fólk og hafa viðbrögð verið afar jákvæð.

## Fjáröflun og rekstur

Á haustmánuðum stóð félagið fyrir hinni árlegu dagbókasölu og gekk hún vel, sérstaklega ef miðað er við fjárhagslegt árferði á Íslandi.

Um 1.400 bækur seldust og óhætt er að segja að salan hafi skilað sér vel.

Félagið hefur nokkurn fjárhagslegan ávinning af sölunni, en hún er ekki síður til kynningar á félaginu. Í gegnum árin hefur myndast hópur fyrirtækja og stofnana sem kaupa dagbókina á hverju ári og gaman er að fá upphringingar frá gömlum viðskiptavinum sem, af einhverjum ástæðum, hafa fallið út af lista yfir þá sem hringt var í.

Daufblindrafélagið naut margra góðra styrkja á starfsárinu og ber að þakka þeim fjölmörgu sem styrktu félagið með einhverjum hætti.

Skal hér sérstaklega nefna Öryrkjabandalag Íslands og Blindrafélagið.

Síðasta starfsár hefur verið Daufblindrafélaginu nokkuð hagfellt, sérstaklega hvað varðar innra starf og þátttöku félagsmanna í starfi félagsins.

Mörg spennandi verkefni bíða félagsmanna og starfsmanns á næsta starfsári og ber þar sérstaklega að nefna vangaveltur um ábyrgð á opinberri þjónustu við daufblint fólk, en í tengslum við endurskipulagningu þjónustunnar við heyrnarlaust og heyrnarskert fólk mun hugsanlega verða einhver breyting á þjónustu við daufblint fólk í framtíðinni.

Ágústa Gunnarsdóttir tók saman

## Frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Árið 2009 var fyrsta starfsár nýrrar Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Þetta upphafsár einkenndist af því að koma starfseminni af stað, skipuleggja ferla, finna og þjálfva starfsfólk og skipuleggja innviði Miðstöðvarinnar. Einnig var sú ákvörðun tekin að vera með starfseminna í Hamrahlíð 17 en í undirbúningi að Miðstöðinni var ráðgert að flytja í stærra húsnæði. Húsnæði Miðstöðvarinnar á fimmtu hæð, sem er leigt af Blindrafélaginu, var því lagfært og endurnýjað að hluta. Starfsfólk Miðstöðvarinnar lítur svo á að það sé mjög jákvætt að

vera nálægt Blindrafélaginu og að staðsetningin í Hamrahlíð sé ljómandi góð fyrir alla sem til Miðstöðvarinnar leita.

Sett voru markmið fyrir árið 2009 og hafa velflest þeirra náðst eða eru vel á veg komin. Má þar t.d. nefna þróun á verklagi og þjónustustigi, að Miðstöðin veiti jafna þjónustu um allt land, kynning á þjónustu Miðstöðvarinnar, gott samstarf við hagsmunasamtök, áhersla á framhaldsskóla- og háskólastig, áhersla á kennslu punktaleturs og skipulagning á framleiðslu bóka á punktalettri og stækkuðu lettri. Einnig var unnið eftir námskeiðaáætlun, unnið með faghópum, t.d. með námskeiðum og erlendum sérfræðingum, undirbúningur að vinnslu málefna daufblindra, þátttaka í erlendu samstarfi, íslenskur punktaletursstaðall, forrit fyrir framleiðslu og notkun á íslensku punktalettri, innleiðing tölvukerfis og vinna við gæðakerfi.

Á skrá Miðstöðvarinnar eru um 1600 manns og þar af eru 67% eldri en 67 ára. Þeir sem eru á skrá eru með sjón sem er minni en 30% á betra auga með bestu gleraugum og lögblindir, sem eru með minni en 5% sjón. Um 40% notenda eru karlar og 60% eru konur. Þá eru 450 lögblindir á landinu og Miðstöðin telur að um 150 Íslendingar séu daufblindir. Þá eru 300 Íslendingar með gerviauga/u og Miðstöðin endurgreiðir gleraugu árlega fyrir um 5800 manns.

Á skrá eru um 150 börn, 18 ára og yngri, og þar af er helmingur með viðbótarfatlanir. Um helmingur þeirra barna sem er á skrá fær þjónustu reglulega, bæði í skóla og heima.

Auk þess að skapa innviði Miðstöðvarinnar var unnið að mörgum stórum verkefnum á árinu og mestur hluti vinnunnar fór í að skapa þjónustu. Hátt þjónustustig, sem er byggt á þörfum notenda, er eitt af helstu markmiðum Miðstöðvarinnar.

Mikil áhersla er lögð á þjálfun og kennslu hjá Miðstöðinni og samskipti við skóla og kennara. Faghópur kennsluráðgjafa og sérfræðinga í lesefni, sem framleiða efni á stækkuðu lettri og punktalettri, náði miklum árangri í að stytta biðlista og bæta þjónustustig. Hópurinn hélt stórt námskeið fyrir kennara og starfsmenn skóla í ágúst og fékk til liðs við sig sérfræðing frá Bretlandi. Námskeiðið mæltist vel fyrir og áætlað er að halda svipað námskeið í upphafi hvers skólaárs.

Mörg önnur námskeið voru haldin á árinu í hinum ýmsu málaflokkum, allt frá matreiðslunámskeiðum til punktaletursnámskeiða og námskeið fyrir

börn, kennara og foreldra. Faghópur umferlis- og ADL-ráðgjafa hélt mörg námskeið, bæði innanhúss og utan, auk þess að þjálfa stóran hóp í umferli og ADL. Hópurinn skipulagði jafnframt dag hvíta stafsins í Háskóla Íslands og Kringlunni þar sem kynning á hvíta stafnum fór fram við góðar undirtektir.

Mikill hluti af starfssemi og fjármagni Miðstöðvarinnar fer í ýmis konar hjálpartækjaúthlutanir s.s. á stækkunartækjum, stöfum, spilurum og forritum. Þá er stærsti einstaki útgjaldaliður Miðstöðvarinnar endurgreiðslur á gleraugum. Mikill hluti ársins 2009 fór í að semja reglugerð um úthlutun hjálpartækja og var hún samþykkt af félags- og tryggingamálaráðherra, Árna Páli Árnasyni, í mars 2010. Reglugerðin er mikill ávinningur í réttindabaráttu blindra, sjónskertra og daufblindra og Miðstöðin fagnar mjög að reglugerðin hafi nú tekið gildi.

Á seinni hluta ársins gekk Miðstöðin í Enviter sem eru evrópusamtök miðstöðva fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga um alla Evrópu. Meðlimir Enviter eru þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar, skólar, stofnanir og félög sem vinna að málefnum blindra og sjónskertra. Áhersla Enviter er á þjálfun, endurhæfingu og menntun notenda þjónustu og starfsmanna. Meginmarkmið Enviter eru samvinna og samráð um málefni blindra og sjónskerta, sameiginleg verkefni s.s. þjálfun, kennsla og endurhæfing. Einnig skiptast miðstöðvarnar á upplýsingum og miðla þekkingu hver til annarrar. Þá eru þó nokkur stór evrópuverkefni í gangi innan Enviter og Miðstöðin hefur sótt um aðild að slíkum verkefnum þar sem það á við.

Miðstöðin átti á síðasta ári einstaklega gott samstarf við hagsmunasamtök og er þakklátt fyrir hlýhug og skemmtilegt og uppbyggilegt samstarf við Blindrafélagið. Starfsmenn Miðstöðvarinnar hlakka til áframhaldandi góðs samstarfs.

Huld Magnúsdóttir

forstjóri, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

